



# Fundargerð 45. þings SSF

Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja

Haldið á Hótel Selfossi

dagana 14.–15. mars 2013



# Efnisyfirlit

<b>Kynning á launakönnun SSF</b> .....	<b>4</b>
<b>Þingsetning</b> .....	<b>4</b>
Nafnalisti þingfulltrúa á 44. þing SSF 18. og 19. mars 2010 .....	4
<b>Skipan fastanefnda þingsins</b> .....	<b>6</b>
<b>Ný heimasíða SSF</b> .....	<b>7</b>
<b>Skýrsla stjórnar</b> .....	<b>7</b>
Hræringar.....	8
Kjarasamningar.....	8
Yfirlýsing ríkisstjórnar vegna kjarasamninga.....	9
Samkomulag um kjarasamning SSF.....	10
Lífeyrismál.....	11
Lokaorð.....	11
Umræður um skýrslu stjórnar .....	12
<b>Tillögur um breytingar á samþykktum SSF kynntar</b> .....	<b>12</b>
<b>Erindi framkvæmdastjóra NFU</b> .....	<b>12</b>
<b>Kynning nefndarálita</b> .....	<b>13</b>
<b>Umræður og afgreiðsla nefndarálita</b> .....	<b>15</b>
Laganefnd .....	15
Fræðslunefnd .....	15
SSF-blaðið .....	16
Trúnaðarmannafræðsla .....	16
Menntunarsjóður.....	16
Aðrar ályktanir.....	16
Kjaranefnd .....	17
Fjárhagsnefnd .....	18
Tillaga 1 – Nýr sjóður – Grunn sjóður .....	18
Tillaga 2 – Félagsgjald.....	19
Tillaga 3 – Stjórnarlaun .....	19
Tillaga 4 – Sala eigna .....	19
Allsherjarnefnd 1 – Jafnréttismál .....	19
Allsherjarnefnd 2 – Þjóðfélagsmál .....	20
Allsherjarnefnd 3 – Stefnumótun .....	20
Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald næstu þrjú árin.....	21
<b>Kjör til stjórnar SSF</b> .....	<b>22</b>
<b>Önnur mál</b> .....	<b>24</b>
<b>Þingslit</b> .....	<b>24</b>
<b>Samþykktir SSF</b> .....	<b>25</b>
<b>Samþykktir styrktarsjóðs SSF</b> .....	<b>29</b>
<b>Starfsreglur Menntunarsjóðs SSF</b> .....	<b>31</b>
<b>Samþykktir fyrir vinnudeilusjóð SSF</b> .....	<b>32</b>



### Leiðrétting á fundargerð 44. þings SSF

Þau mistök voru gerð í fundargerð 44. þings SSF 18. – 19. mars 2010 að nafn Guðnýjar S. Magnúsdóttur féll út á bls. 26. í fundargerðinni. Rétt er að hún var kosin meðstjórnandi í stjórn SSF fyrir tímabilið 2010-2013.

**Fimmtudagur 14. mars 2013**

## Kynning á launakönnun SSF

45. þing SSF hófst á kynningu á launakönnun félagsins sem Capacent framkvæmdi í febrúar 2013. Tómas Bjarnason, rannsóknarstjóri hjá Capacent fór yfir niðurstöður könnunarinnar og svaraði fyrirspurnum fundargesta.



## Pingsetning

Friðbert Traustason formaður SSF setti þingið klukkan 10:20 og bauð þingfulltrúa velkomna til 45. þings SSF.

Anna Kjartansdóttir f.h. kjörbréfanefndar tilkynnti að nefndin hefði farið yfir kjörbréf og staðfesti að þau væru rétt. Fundurinn samþykkti kjörbréf án athugasemda með lófataki. Þingið sátu 64 þingfulltrúar auk áheyrnarfulltrúa, gesta og starfsmanna.



## Nafnalisti þingfulltrúa á 45. þingi SSF 14. – 15. mars 2013

### FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi - 20 þingfulltrúar

Helga Jónsdóttir  
Guðlaug Elísabet Bóasdóttir  
Andrés Erlingsson  
Ari Skúlason  
Sigríður I Birgisdóttir  
Sigurjón Gunnarsson  
Marteinn Kristjánsson  
Daldís Guðmundsdóttir  
Jóhann Jökull Ásmundsson  
Gyða Gunnarsdóttir  
Guðný S. Magnúsdóttir  
Vigdís Gunnarsdóttir  
Borga Harðardóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Margrét B. Marteinsdóttir  
Guðlaug Bjarnþórsdóttir  
Vigdís Sigurðardóttir  
Hannes. J. Hannesson  
Erna Baldursdóttir  
Hrefna Óskarsdóttir



### SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka - 17 þingfulltrúar

Oddur Kristjánsson  
Hafdís Sigurbjörnsdóttir  
Þorlákur Kjartansson  
Hrafn Snorrason  
Anna Finnbogadóttir  
Hannes Ingvar Jónsson  
Rebekka Helga Sveinsdóttir  
Iðunn Arnardóttir  
Inga Guðný Hauksdóttir  
Ásbjörg Guðný Jónsdóttir  
Snjólaug Svala Grétarsdóttir  
Heiðrún Rafnsdóttir  
Gréta Kjartansdóttir  
Bryndís Hreinsdóttir  
Guðný Lilja Björnsdóttir  
Magnús Halldórsson  
Soffía Guðmundsdóttir



### Trúnaðarmannaráð Arion banka - 14 þingfulltrúar

Erla Stefánsdóttir  
Brynhildur Kristinsdóttir  
Daníel Reynisson  
Sigurlaug Friðriksdóttir

Magnea Huld Aradóttir  
Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir  
Inga Dóra Sigvaldadóttir  
Guðmunda Gunnarsdóttir  
Anna Kristín Björnsdóttir  
Ingvar Breiðfjörð  
Halla Ingvarsdóttir  
Helena Rúriksdóttir  
Sæbjörg Richardsdóttir  
Aldís Björgvinsdóttir



**SRB, starfsmannafélag Reiknistofu bankanna - 3 þingfulltrúar**

Jón Sveinsson  
Sigríður Harpa Hannesdóttir  
Halldór Heiðar Halldórsson



**Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands - 3 þingfulltrúar**

Kjartan Hauksson  
Margrét Einarsdóttir  
Gunnar Gunnarsson



**VÍST, starfsmannafélag Valitor - 3 þingfulltrúar**

Gunnar Gunnarsson  
Sara Rut Kristinsdóttir  
Oddný Árnadóttir

**Starfsmannafélag Byggðastofnunar - 1 þingfulltrúi**

Helga Eyjólfsson



**Starfsmannafélag Sparisjóðs Suður-Þingeyinga - 1 þingfulltrúi**

Kolbrún Ívarsdóttir

**Starfsmannafélag Sparisjóðs Vestmannaeyja - 1 þingfulltrúi**

Anna María Ríkharðsdóttir

**Starfsmannafélag Sparisjóðs Siglufjarðar - 1 þingfulltrúi**

Sendu ekki fulltrúa

**Starfsmannafélag MP banka - 1 þingfulltrúi**

Bárður Helgason

**Stjórn SSF**

Friðbert Traustason  
Anna Karen Hauksdóttir  
Bryndís Pétursdóttir  
Dagmar Björnsdóttir  
Oddur Sigurðsson



**Starfsmenn SSF**

Anna Kjartansdóttir  
Hilmar Vilberg Gylfason  
Jónína Pálsdóttir  
Rósa Jennadóttir  
Sveinn Sveinsson, lögmaður  
Helga Bragadóttir, þingforseti  
Sigurjón Gunnarsson, varaþingforseti  
Brynjar Már Brynólfsson, ritari



**Áheyrnarfulltrúar og gestir**

Brynja M. Kjærnested, Starfsmannafélagi Almenna lífeyrissjóðsins  
Una Hafdís Hauksdóttir, Starfsmannafélagi Almenna lífeyrissjóðsins  
Jóhann Arnarson, fastafulltrúi í stjórn SSF 2013-2016  
Kristján Björn Snorrason, fastafulltrúi í stjórn SSF 2013-2016  
Christina Colclough, NFU  
Torunn Lien Hansen, Finansforbundet Noregi  
Anna G. Ívarsdóttir, fyrrverandi formaður SSF  
Sædís Jónsdóttir, Starfsmannafélagi Sparisjóðs Vestmannaeyja  
Anna María Hjartardóttir, FSLÍ  
Sigríður Friðgeirsdóttir, FSLÍ  
Sigurður Albert Ármannsson, fyrrverandi starfsmaður skrifstofu SSF





### Kosning embættismanna þingsins

Helga Björg Bragadóttir SÍ var kjörin þingforseti og til vara Sigurjón Gunnarsson FSLÍ. Þingritarar voru kjörnir Brynjar Már Brynjólfsson FSLÍ og Sigurlaug Friðriksdóttir Trúnaðarmannaráði Arion banka. Vararitarar voru kjörnir Dagmar Björnsdóttir VÍST og Inga Guðný Hauksdóttir SÍ.

Helga Björg Bragadóttir SÍ, þingforseti, hóf þingstörf með því að fara yfir almenn fundarsköp. Því næst lagði hún fram eftirfarandi vísnaðu:

*Eftirvænting eykur mig  
Oft á beltum sýnilig  
Meinlaus lág, en hættu há  
Hryggjartökin ekki sá*



## Skipan fastanefnda þingsins

Þingforseti las upp nefndarskipan og kosningu í fastanefndir þingsins.

### Kjaranefnd

Andrés Erlingsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi, Umræðustjóri  
Ari Skúlason, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Vigdís Gunnarsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Margrét B. Marteinsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Jóhann Jökull Ásmundsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Brynhildur Kristinsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Daníel Reynisson, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Oddur Kristjánsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Inga Guðný Hauksdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Snjólaug Svala Grétarsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Hafdís Sigurbjörnsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Jón Sveinsson, SRB, starfsmannafélag Reiknistofu bankanna  
Sara Rut Kristinsdóttir, VÍST, starfsmannafélag Valitor  
Kjartan Hauksson, Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands



### Allsherjarnefnd 1 – Jafnréttismál

Borga Harðardóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi, Umræðustjóri  
Hannes. J. Hannesson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Erna Baldursdóttir FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Erla Stefánsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Guðmunda Gunnarsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Hrafn Snorrason, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Heiðrún Rafnsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Bryndís Hreinsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Sigríður Harpa Hannesdóttir, SRB, starfsmannafélag Reiknistofu bankanna  
Oddný Árnadóttir, VÍST, starfsmannafélag Valitor  
Kolbrún Ívarsdóttir, Starfsmannafélag Sparisjóðs Suður-Þingeyinga



### Allsherjarnefnd 2 – Þjóðfélagsmál

Oddur Sigurðsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka, Umræðustjóri  
Soffía Guðmundsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Hannes Ingvar Jónsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Sigríður I Birgisdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Sæbjörg Richardsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Halldór Heiðar Halldórsson, SRB, starfsmannafélag Reiknistofu bankanna  
Gunnar Gunnarsson, Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands



### Allsherjarnefnd 3 – Stefnumótun

Anna Karen Hauksdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka, Umræðustjóri  
Iðunn Arnardóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Ásbjörg Guðný Jónsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Gyða Gunnarsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Margrét Jónsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Guðlaug Bjarnþórsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Magnea Huld Aradóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Aldís Björgvinsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Anna María Ríkhardsdóttir, Starfsmannafélagi Sparisjóðs Vestmannaeyja



### Fjárhagsnefnd

Anna Kristín Björnsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka, Umræðustjóri  
Halla Ingvarsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka

Helga Jónsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Hrefna Óskarsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Porlákur Kjartansson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Guðný Lilja Björnsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Gunnar Gunnarsson, VÍST, starfsmannafélag Valitor  
Bárður Helgason, Starfsmannafélag MP banka

#### Laganefnd

Ingvar Breiðfjörð, Trúnaðarmannaráð Arion banka, Umræðustjóri  
Helena Rúriksdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Sigurjón Gunnarsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Vigdís Sigurðardóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Anna Finnbogadóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Magnús Halldórsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Margrét Einarsdóttir, Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands

#### Fræðslunefnd

Guðný S. Magnúsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi, Umræðustjóri  
Guðlaug Elísabet Bóasdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Marteinn Kristjánsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Daldís Guðmundsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Sigurlaug Friðriksdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Inga Dóra Sigvaldadóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Rebekka Helga Sveinsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Gréta Kjartansdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Helga Eyjólfsdóttir, Starfsmannafélag Bygðastofnunar

## Ný heimasíða SSF

Andrés Erlingsson FSLÍ og annar varaformaður SSF kynnti nýja heimasíðu félagsins sem mun líta dagsins ljós á næstu dögum. Síðan er byggð upp með þarfir félagsmanna í huga og tekur mið af helstu fyrirspurnum sem berast til skrifstofu SSF og þeim þáttum sem eru mest skoðaðir á núverandi heimasíðu félagsins. Ýmsar nýjungar eru á síðunni sem eiga að auðvelda félagsmönnum aðgang að helstu upplýsingum.

#### Matarhlé

Helga Björg Bragadóttir þingforseti hóf þingið eftir matarhlé með því að gefa upp lausnarorð vísngátunnar. Lausnarorðið var **spenna**. Dregið var úr lausnum og var Kristján Snorrason hlutskarpastur og svaraði með eftirfarandi vísu:

*„Oftast hjartans eykur slátt  
Eins þá kosning nálgast brátt  
Eða kjörin okkar brenna  
Er að myndast nafnið spenna“*

Aukaverðlaun hlutu Gyða Gunnarsdóttir FSLÍ og Helga Jónsdóttir FSLÍ.

## Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason formaður SSF flutti skýrslu stjórnar fyrir árin 2010-2013:

„Kæru félagar, velkomin til starfa á 45. þingi SSF. Þingið fer með æðsta vald samtakanna og stjórn, samninganefnd og starfsmenn SSF eiga fyrst og fremst að framfylgja þeim ákvörðunum og ályktunum, sem þing SSF samþykkir hverju sinni.

Það fylgir því mikil ábyrgð að sitja þing SSF og móta stefnu stéttarfélagins í kjaramálum og réttindamálum fyrir félagsmenn SSF næstu árin og jafnframt að kjósa þá forystumenn, sem framfylgja skulu þeirri stefnu, sem þingið ákveður.

Stéttarfélagið okkar er að mörgu leyti einstakt meðal stéttarféлага. Félagið var stofnað af starfsmönnum þáverandi ríkisbanka árið 1935 og síðan komu starfsmenn einkabanka, sparisjóða og þjónustustofnana í þeirra eigu, inn í stéttarfélagið eftir því sem árin liðu og fyrirtækin voru stofnuð. Það sem gerir stéttarfélagið einstakt er sú heillarþróun að allir starfsmenn fjármálafyrirtækjanna, aðrir en æðstu stjórnendur, eru félagsmenn í sama stéttarfélagi. Við tökum öll réttindi og kjör okkar samkvæmt sama kjarasamningi óháð því hvaða starfi við gegnum og einnig óháð menntun okkar eða öðrum bakgrunni.





Að sjálfsögðu eru launakjör félagsmanna misgöð enda bakgrunnur svo sem menntun og reynsla ólíkur, en réttindi svo sem veikindaréttur, orlofsréttur, lífeyrisréttur, tryggingar, fæðingarorlof, aðgangur að sjóðum SSF og annar grundvallaréttur byggir á sameiginlegum kjarasamningi.

Þessi tilhögun er heillavænleg fyrir alla félagsmenn SSF og ekki síður fyrir fjármálafyrirtækin, sem félagsmenn SSF vinna hjá.



Öll umræðan um hagræðingu, sparnað og samþjöppun fjármálafyrirtækja, hvort sem hún er pólitísk eða fagleg, hefur reynt mjög á félagsmenn SSF undanfarin 5 ár. Það er með öllu óásættanlegt ef starfsmenn eru hafðir að leiksoppum og starf þeirra og framtíð að engu metin þegar ákvarðanir eru teknar um framtíðar uppbyggingu fjármálakerfisins. Eigendur fyrirtækjanna, hvort sem er ríkið eða einkaaðilar, mega ekki gleyma því að mannaúdurinn er mikilvægasta auðlind sem framtíð fyrirtækisins byggir á. Vel upplýstir starfsmenn sem finna að þeir eru metnir að verðleikum eru þyngdar sinnar virði í gulli, og mikið meira en það.

Það verður seint logn á fjármálamarkaði og því verða félagsmenn SSF alltaf að vera á tánum, fylgjast með hræringum og vera tilbúnir að aðlagast breytingum á starfi sínu. Störfin eru enn að færast frá almennri afgreiðslu yfir í þjónustu, ráðgjöf og ýmiss sérhæfð störf, þar sem kunna þarf skil á öllum þeim fjölmörgu „vörum“, sem nútíma fjármálafyrirtæki býður viðskiptavinum sínum.



Mikill hagnaður var hjá allflestum íslenskum fjármálafyrirtækjum á árinu 2012, en sá hagnaður byggir enn á nokkuð betri heimtum á útistandandi eignum bankanna en búist var við þegar þeir voru endurreistir. Fjármálafyrirtækin ættu að vera betur í stakk búin til að bæta frekar kjör félagsmanna SSF á næstu árum.

### Hræringar

Ég sagði frá því ræðu minni á þingi árið 2010 að félagsmönnum hefði fækkað um 1500 frá byrjun apríl 2008 til og með loka mars 2010. Því miður var uppsögnum og samningum um starfslok ekki lokið vorið 2010. Sparisjóðurinn í Keflavík, Byr, Teris, Kreditkort og nokkur önnur fjármálafyrirtæki voru ýmist sameinuð eða yfirtekin af stóru bönkunum. Allt leiddi það til enn frekari fækkunar félagsmanna SSF, og í árslok 2012 voru uppsagnir og starfslokasamningar rúmlega 2000 frá byrjun uppsagna vorið 2008.



Félagsmönnum SSF hefur gengið nokkuð vel að finna nýja vinnu innan sem utan fjármálafyrirtækja. Núna eru félagsmenn um 4500 en voru flestir í ársbyrjun 2008, tæplega 6000. En við vitum að í hópnum mun fækka enn frekar þegar búið verður að endurskipaleggja fjármál heimila og fyrirtækja, og einnig eru á milli tvö og þrjú hundruð starfsmenn, sem vinna fyrir skilanefndir föllnu bankanna. Enginn veit hins vegar með vissu hve lengi þessi störf verða til staðar.



Hræringum í heimi fjármála er örugglega ekki lokið, en mikið er skrafað um næstu skref, án þess þó að ákvarðanir hafi verið teknar svo vitað sé. Hér er því rétt að ítreka enn og aftur áminningu sem ég hef áður flutt:

*Hlutverk kjörinna fulltrúa SSF er nú eins og endranær að standa vörð um réttindi, kjör og atvinnuöryggi félagsmanna SSF með öllum tiltækum ráðum. Starfsmenn eiga ekki að vera leiksoppar eða fórnarlömb í valdabaráttu eigenda fyrirtækjanna. Við höfum átt því láni að fagna að gagnkvæmt traust og virðing ríkir milli stjórnenda og félagsmanna SSF og það er verkefni allra kjörinna fulltrúa stéttarfélagssins SSF að tryggja að svo verði enn um alla framtíð. Þannig náum við best að tryggja áframhaldandi góð störf hjá öflugum, vel reknum og framsæknum fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum í eigu þeirra.*



### Kjarasamningar

Kjarasamningar SSF sem undirritaðir voru 5. desember 2008 voru enn í fullu gildi þegar 44. þing SSF stóð yfir í mars 2010, en lokadagur þeirra samninga var 31. desember 2010. Síðasta launahækkun samkvæmt þessum samningi var 1. Júní 2010, allir launaflokkar og aldursþrep í launatöflu 149A hækkðu um 14.000 krónur og launatafla 149B tók samsvarandi afleiddum breytingum. Öll laun hækkðu þó að lágmarki um 2,5%.



Samhliða framlengingu kjarasamnings árið 2010 skrifuðu öll stéttarfélög, ásamt atvinnurekendum og ríkisstjórn Íslands uppá svokallaðan stöðugleikasáttmála, en í honum voru ýmis ákvæði og atriði sem þessir þrír aðilar skuldbundu sig til að vinna að til að efla atvinnulíf og bæta lífskjör á Íslandi. Því miður varð ekki mikið um efndir af hendi yfirvalda, kaupmáttur jókst lítið eitt hjá þeim sem lægri launin höfðu (krónutöluhækkun launa), gengið var áfram afar veikt og verðbólgan há. Þessu til viðbótar hefur hið opinbera, ríki og bæjarfélög, hækkað allar álögur, skatta og gjöld, sem íþyngt hefur bæði fyrirtækjum og einstaklingum.

Það var því strax ljóst í upphafi árs 2011 að kjarasamningaviðræður yrðu erfiðar, fyrirtækin enn í endurreisn og lofordum yfirvalda um að koma til móts við launamenn og fyrirtækin lítt treystandi, ef miðað var við reynslu. Á grundvelli Stöðugleikasáttmálans var strax leitað eftir því að sem



allra flest stéttarfélög yrðu samtaka um áherslur í kjarasamningum, sérstaklega um launahækkanir og hugsanlegan bætlan kaupmátt launa. Viðræður um nýjan kjarasamning stóðu yfir frá janúar 2011 og fram í maí sama ár. Í tengslum við kjarasamninginn gaf ríkisstjórn Íslands út sérstaka „Yfirlýsingu“ þann 5. maí 2011.

Ég nefni hér örfá dæmi úr 16 blaðsíðna yfirlýsingu ríkisstjórnar:

### Yfirlýsing ríkisstjórnar vegna kjarasamninga

Með yfirlýsingu skuldbinda stjórnvöld sig til að leggja grunn að varanlegum hagvexti og velferð í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Meginatriðið er að örva hagvöxt með arðsömum og sjálfbærum fjárfestingum, án þess að markmiðum um afkomu ríkissjóðs sé ógnað.

#### Um sókn í atvinnumálum – fjárfestingar sagði meðal annars:

Sameiginlegt markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er að skapa fjölbreytt og vel launuð störf og auka hagvöxt í 4-5% á ári í stað 2-2,5%. Markmiðið er að draga verulaga úr atvinnuleysi á samningstímanum. Í því skyni verða fjárfestingar örvaðar og hvarar til nýsköpunar búnir til jafnframt því að atvinnulífínu verði sköpuð hagstæð skilyrði sem stuðla að hagvexti. Stefnt er að því að fjárfestingar í lok samningstímans verði ekki lægri en 350 milljarðar króna á ári, en þær voru 200 milljarðar árið 2010. Sem lið í að ná þeim markmiðum mun ríkið ráðast í fjölda verklegra framkvæmda í ár og næsta ár. Þá er lögð áhersla á að fjárfestingar í virkjunum og gerð raforkusamninga verði á viðskiptalegum grundvelli og taki tillit til umhverfisgæða. Stefnt er að því að frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjana verði afgreitt á vörþingi. Hvatt er til fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja og unnið verður að því að kynna betur ný lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Þá mun verða ráðist í ýmsar aðgerðir til að efla nýsköpun og vaxtagreinar.

#### Um úrbætur í lífeyrismálum og húsnæðismálum sagði:

Áfram verður unnið að samræmingu lífeyrisréttinda og skal starfshópur skila af sér fyrir 1. september 2011 og breytingar kynntar Alþingi. Þessi starfshópur var skipaður en hefur engu skilað af sér enn, allt er fast vegna þess að opinberir starfsmenn krefjast launahækkana áður en þeir ræða breytingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna.

Viðurkennt er að mikill ójafnuður er í áunnum lífeyrisréttindum landsmanna, þar sem verulega hallar á launafólk á almennum vinnumarkaði. Því er heitið, hvað varðar það sem liðið er, að ríkisvaldið skoði sérstaklega hvernig rétt sé að standa að inngreiðslum til að jafna uppá við lífeyrisréttindi í almenna kerfinu.

Unnið er að mótun tillagna um fjölbreyttari valkosti í húsnæðismálum og samræmingu á stuðningi við leigjendur og eigendur íbúðarhúsnæðis. Horft verður til jafnræðis milli búsetuforma við skiptingu þeirra fjármuna sem varið er til vaxtabóta og húsaleigubóta.“

Þegar yfirlýsingin lá fyrir var ljóst að grundvöllur kjarasamninga var nokkuð klár, einungis átti eftir að útfæra helstu atriði kjarasamnings og launahækkanir á tímabilinu.

Helstu atriði samningsins, sem undirritaður var 16. maí 2011 voru eftirfarandi:

Kjarasamningar SSF og SA voru framlengdir óbreyttir til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings fékk hver starfsmaður í fullu starfi eingreiðslu kr. 50.000.

Á grundvelli ákvörðunar endurskoðunarnefndar ASÍ og SA var samningur SSF framlengdur til 31. janúar 2014 með eftirfarandi ákvæðum:

- Öll laun voru hækkuð um 4,25% þann 1. júní 2011, 3,5% 1. febrúar 2012 og að lokum 3,25% 1. febrúar 2013
- 1. júlí 2011 var greidd eingreiðsla kr. 10.000 og 1. desember eingreiðsla kr. 15.000, miðað við fullt starf.
- Launatafla A var felld niður 2012 og allir taka nú laun samkvæmt 12 mánaða töflu (B töflu) Yfirvinnukaup reiknast sem 1,0385% af B töflu.
- Í desember 2012 var greidd desemberuppbót kr. 57.300 og desemberuppbót verður hluti launa frá þeim tíma ár hvert.
- Í júní 2013 verður greidd orlofsuppbót kr. 21.000 og orlofsuppbót verður hluti launa frá þeim tíma ár hvert.
- Starfsheitaröðun breytist verulega og nú er starfsheitum skv. grein 1.5 í kjarasamningi raðað að lágmarki í launaflokk en ekkert hámark tilgreint, þetta hefur leitt til nokkurs launaskriðs á samningstímanum.
- Allir eiga rétt á starfsmannaviðtali einu sinni á ári til að ræða um starfskjör.
- Miklar endurbætur eru gerðar á tryggingakafla kjarasamninga og líftryggingin verður nú hluti kjarasamninga.

Síðasta launahækkun samkvæmt þessum kjarasamningi kom til framkvæmda 1. febrúar 2013, 3,25% hækkun allra launa.





21. janúar 2013 var ákveðið með samningi aðila að stytta samningstímann um tvo mánuði og eru því kjarasamningar lausir frá og með 1. desember 2013. Hugmyndin nú er að setjast strax að samningaborði og ræða öll stærri félagstengd málefni kjarasamninga, þó svo umræðan um launalið samninganna bíði fram á sumar. Stefnan er að vera tilbúin með nýjan kjarasamning þegar núverandi samningur rennur út þann 31. nóvember 2013.

#### (Launaleynd, sjá jafnréttislög 2008)

Árið 2008 voru samþykkt ný jafnréttislög á Alþingi íslendinga. Í þessum lögum voru sett sterk ákvæði um jafnrétti til launa, aðgerðir til að sporna við launamismunun kynjanna og viðurlög ef lögunum væri ekki framfylgt. Í lögunum segir m.a:

- Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifa-stöðum.
- Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.
- Fyrirtæki og stofnanir skulu skv. 2. mgr. afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang jafnréttismála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því innan hæfilegs frests.



Hafi fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. ekki gert jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína skal Jafnréttisstofa beina þeim fyrirmælum til viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar að gerðar séu viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests. Hið sama gildir sé það mat Jafnréttisstofu að jafnréttisáætlun fyrirtækis eða stofnunar skv. 2. mgr. sé ekki viðunandi eða að jafnréttissjónarmið hafi ekki verið samþætt í starfsmannastefnu með nægilega skýrum hætti.

Ef þessum ákvæðum er ekki framfylgt getur Jafnréttisstofa lagt dagsektir á fyrirtækin.

Í lögunum er sérstaklega rætt um „launaleynd“, en þar segir m.a:

„Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.



Launaleynd er tæki til að halda niðri launum og því hefur stjórn SSF ítrekað það að engin samningur sé milli samningsaðila um að atvinnurekandi geti krafist launaleyndar með því að krefjast trúnaðar af starfsmanni um launakjör hans. Hins vegar er samningur milli aðila um að orðið „einkamál“ má setja á launaseðilinn, en það er þá ákvörðun hvers félagsmanns hvort hann segir frá sínum einkamálum.

Það er staðreynd að launaleynd er tæki til að mismuna fólki í launum, án frambærilegra skýringa. Þeir sem vilja hafa launaleynd og predika hana sem nauðsynlegt tæki fyrir launagreiðendur til að „verðlauna góða starfsmenn“ eru ekki starfi sínu vaxnir, því þeir treysta sér ekki til að standa frammi fyrir sínum starfsmönnum og skýra ástæður þess að einn er hærra launaður en annar.

Því meira sem launin eru sýnileg og launastefna gegnsæ því meiri verður samheldni, samkennd og samhugur starfsmanna innan sama fyrirtækis til að gera fyrirtækið enn öflugra og framsæknara á öllum sviðum.

Í launakönnun SSF 2013 kemur enn og aftur fram óútskýrður launamunur kynjanna, sem virðist vera fastur á bilinu 11 til 14 prósent ár eftir ár.

Nú verðum við að krefjast þess að viðsemjendur okkar og Jafnréttisstofa bretti upp ermar og uppfylli þau lagaákvæði um launajafnrétti, og aðferðir til að tryggja betur launajafnrétti, sem sett voru í jafnréttislög árið 2008.

Það er ekki nóg að hafa fallegan lagatexta ef enginn fer eftir texta laganna og yfirvöld nýta sér ekki þann rétt sem þau hafa til inngrips.

#### Samkomulag um kjarasamning SSF

Í kjölfar þess að flest allar bankar voru einkavæddir á árunum 2002 til 2004 skrifuðu samningsaðilar upp á “Samkomulag um kjarasamninga bankamanna” þann 14. október 2004. Samkomulagið gildir um gerð kjarasamninga um laun og önnur starfskjör milli samningsaðila á starfsstöðvum



bankanna á Íslandi og tekur til allra félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna (Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja), sem eru ráðnir til lengri eða skemmri tíma í þjónustu þeirra fyrirtækja er hafa undirritað samkomulagið.

Samkvæmt þessu samkomulagi skuldbinda bankarnir sig til þess að láta félagsmenn í SSF hafa forgang við ráðningu til bankastarfa sem kjarasamningur aðila tekur til.

Forsvar aðila í kjarasamningum og afgreiðsla samninga skal fara eftir lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Samkomulagið ásamt meðfylgjandi skýringum og neðanmálsgreinum gildir í fimm ár frá undirskriftardegi og er að þeim tíma liðnum uppsejnanlegt með sex mánaða fyrirvara.

Þetta samkomulag hefur gilt um kjarasamninga félagsmanna SSF til þessa dags þar sem hvorugur aðilinn hefur sagt því upp en mikilvægt er að stjórn og samninganefnd SSF, ásamt formönnum aðildarféлага SSF, nái að framlengja þetta samkomulag til að minnsta kosti 5 ára. Um gerð kjarasamninga og aðild að stéttarfélagi má aldrei ríkja óvissa, því þá geta öll kjör félagsmann SSF verið í uppnámi, eins og gerðist m.a. hjá starfsmönnum Póst og síma þegar því fyrirtæki var formbreytt árið 1995.

### Lífeyrismál

Flest öllum lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði var breytt frá því að vera stigastjóðir yfir í aldurstengda sjóði á árunum 2003 til 2008. Í stigastjóðum ávann félagsmaður sér ákveðna prósentu af launum, sama hvort iðgjaldið var greitt þegar félagsmaður í sjóðnum var 25 ára eða þegar hann var 60 ára gamall. Þannig voru lífeyrissjóðir ekki háð því hve lengi iðgjaldið var í ávöxtun hjá sjóðnum. Þetta fyrirkomulag hafði í för með sér ýmiss vandamál, sérstaklega á þeim árum þegar almennur kaupmáttur óx mjög, og þannig voru settar kvaðir á lífeyrissjóðina, sem þeir gátu ekki staðið undir til langs tíma. Til þess að loka fyrir þann vanda sem stæðjaði að sjóðunum með óbreytt stigakerfi var ákveðið að breyta almennum sjóðunum yfir í aldurstengda sjóði.

Aldurstengda kerfið byggir á því að innlögð iðgjöld gefa mismunandi réttindi eftir því hve ávöxtunartími þeirra í sjóðnum er langur. Þannig getur 120.000 króna iðgjald gefið réttindi uppá 2500 krónur hjá 25 ára einstakling, á meðan sama upphæð iðgjalds gefur 1000 króna réttindi hjá 60 ára gömlum einstaklingi. Að baki réttindunum liggur réttindatafla, sem tryggingafræðingar hafa útfært og yfirfara reglulega, með tilliti til ávöxtunar og annara þátta í rekstri viðkomandi sjóðs.

En það voru fleiri atriði en aukning kaupmáttar á árunum 2001 til 2008 sem settu strik í reikninginn hjá lífeyrissjóðunum. Byrði vegna örorkulífeyris vex með ári hverju og eins er meðalævi alltaf að lengjast, eins gleðilegt og það er. En hvort tveggja setur meiri kröfur á sjóðina og því sáu félög innan ASÍ þá einu lausn að hækka iðgjald til lífeyrissjóðanna úr 10 í 12%, en þessi prósent er nú komin í lög um lífeyrissjóði.

Eina stéttarfélagið sem ekki hefur samið um þessa 2% hækkun í samtryggingarsjóð er SSF, en samkvæmt lögnum og samþykkt Fjármálaeftirlitsins hafa félagsmenn SSF undanþágu til að setja viðbótar 2% framlagið í séreignarsjóð að eigin vali. Þetta fyrirkomulag telja flestir lífeyrissjóðir, aðrir en lífeyrissjóður bankamanna, að sé brot á lögum um lífeyrissjóði. Og reglulega fá bankarnir sem greiða iðgjöld til annarra samtryggingarsjóða en Lífeyrissjóðs bankamanna kröfu um að bankarnir greiði 8% af launum til sjóðsins, en ekki 6% eins og bankarnir gera nú skv. kjarasamningi SSF. Óvíst er hve lengi SSF heldur þesari sérstöðu um 10% iðgjald í stað 12% til samtryggingarsjóða, og viðbúit að á þessu máli þurfi að taka í næstu kjarasamningum.

### Lokaorð

Starf félagsmanna SSF í íslenskum fjármálafyrirtækjum er skemmtilegt, fjölbreytt og gefandi en um leið erfitt, krefjandi og stundum vanþakklátt. Það er lenska hér á landi að setja út á og tala illa um einstaklinga og fyrirtæki, sem græða peninga.

Starfsmennirnir, félagsmenn SSF, sem eru andlit fyrirtækjanna og þeir þurfa oft að ósekju að sitja undir skömmum og rangfærslum þeirra viðskiptavina, sem trúu orðum stjórnsmála- og fjölmiðlamanna. Auðvitað verða fjármálafyrirtækin að skoða alla þætti í rekstrinum vel og gæta þess vel að hagnast ekki á óeðlilegan hátt á gjöldum og vaxtamun. En skammirnir um mikla og óeðlilega gjalddöku fjármálafyrirtækjanna, sem tröllriðið hefur umræðunni undanfarnir misseri voru flestar byggðar á rangfærslum, misskilningi eða vísuvitandi blekkingum. Mennta upp rangar staðhæfingar hver eftir öðrum og að endingu trúu upphafsmennirnir sjálfir því að þeir fari með staðreyndir. Vextir hér á landi eru allt of háir vegna þess að stýrivöxtum Seðlabanka Íslands er haldið háum til að reyna að sporna við eyðslu, viðskiptahalla og verðbólgu. Gjalddeyrishöftin eru síðan sér kapituli, en eru líklega komin til að vera næstu árin, því miður.

Háir stýrivextir eru einfaldlega afleiðing af óráðsú, bæði hjá einstaklingum en ekki síður hjá ríkisvaldi og bæjarfélögum. Þegar þessari óráðsú lýkur þá fara stýrivextir aftur niður á eðlilegt stig og vextir greiddir af einstaklinga og fyrirtækjum munu fylgja.

Nú ríkir samkeppni á öllum sviðum og félagsmenn finna fyrir auknum kröfum sem gerðar eru





til þeirra á flestum sviðum. Fjármálaheimurinn kallar á aukna sérhæfingu og enn meiri menntun, ekki bara í fjármálaþjónustu heldur einnig stjórnun, skipulagi og framtíðarsýn, bæði heimila og fyrirtækja. Þessa menntunarbætti er ekki hægt að uppfylla með því einu að ráða inn nýtt starfsfólk heldur verða fyrirtækin í samvinnu við starfsmenn sína og stéttarfélagið að setja endurmenntun og símenntun í öndvegi, því einungis þeir sem það gera munu spjara sig í samkeppninni.



Ekki má gleyma mikilvægi þess að styrkja og styðja undirstöðurnar, meðal annars það afl sem felst í sterku og framsæknu stéttarfélagi. Öll réttindamál íslenskra verkamanna eru tilkomin fyrir sameinaða baráttu félagsmanna verkalyðsfélaganna, ekkert þeirra þótti sjálfsagt eða var sett í lög fyrr en eftir áralanga baráttu stéttarfélaganna. Þetta á við sumarleyfi, tryggingar, fæðingarorlof, lífeyrisgreiðslur, veikindarétt, styrktarsjóði, menntunarsjóði, mótuneyti, sumarhús og margt margt fleira. Þessi réttindi þarf stöðugt að verja, því öll eru þau hluti af heildarkjörum okkar og metin sem slík þegar kjaraviðræður eru í gangi.



Starfsmenn sem gera fastlaunasamninga verða að gæta þess vandlega að semja ekki af sér ýmiss réttindi og einblína bara á útgreidd laun augnabliksins. Það veit engin sína ævi og því er öllum nauðsynlegt að eigan sterkan bakhjarl, sem er fólgin í öflugu stéttarfélagi, SSF, og öllum þeim réttindum sem kjarasamningi fylgja. Kjarasamningar eru lágmarks kjör og þeir verða að gilda um alla. Það er ástæða til að sporna fast gegn tilhneigingu í þá veru að menn semji af sér umsamin kjör í svokölluðum einstaklings samningum, því kjarasamningurinn er, eins og áður segir, lágmarkskjör og niður fyrir þau kjör má ekki fara.

Í lok kjörtímabilsins vill stjórn SSF þakka öllum félagsmönnum, aðildarfélagum samtakanna, stjórnnum þeirra, trúnaðarmönnum, starfsnefndum, svo og starfsmönnum aðildarfélaganna og SSF ánægjulegt og gefandi samstarf.



Stjórn SSF óskar þingfulltrúum til hamingju að vera kosnir sem fulltrúar starfsmanna til að móta stefnu SSF til næstu þriggja ára. Við vonum að þingið verði bæði viðburðaríkt og árangursríkt og að niðurstöður þess verði öllum félagsmönnum til heilla í nánustu framtíð.“

#### Umræður um skýrslu stjórnar

Anna Karen Hauksdóttir SÍ og fyrsti varaformaður SSF tók til máls og vildi vekja athygli á að verkefni stjórnar SSF hafa verið ærin frá síðasta þingi. Hún nefndi sérstaklega baráttu félagsins gegn því að lagðar yrðu frekari álögur á fjármálafyrirtæki sem virka sem hvatning á fyrirtækin að fækka starfsfólki. Bankaskatturinn svokallaður var lagður á fjármálafyrirtæki fyrst árið 2011 og á undanföllum árum hafa verið háværar raddir um að hækka hann verulega. Anna Karen vildi meina að fyrir tilstuðlan formanns SSF og stjórnar hafi tekist að koma í veg fyrir umtalsverða hækkun og þá vonandi í veg fyrir frekari niðurskurð hjá fjármálafyrirtækjum en raun ber vitni. Rök stéttarfélagins hafa m.a. verið sú að ríkisstjórnin hafi gefið út loforð um að vernda störf í landinu og sérstaklega störf kvenna. Það að leggja auknar álögur á fjármálafyrirtækin er þversögn við þau loforð þar sem það mun fyrst og fremst skila sér í fækkun starfa í fjölmönnum kvennastéttum.



#### Tillögur um breytingar á samþykktum SSF kynntar

Þingforseti las upp þær breytingar sem borist hafa á samþykktum SSF. Breytingunum var vísað til laganeftar sem fjallar um breytingarnar síðar í dag.



Þingforseti fékk samþykki þingsins til að bera ekki sérstaklega upp aðrar tillögur sem liggja fyrir fundinn. Tillögurnar fylgja í fundargögnum og þingfulltrúar voru hvattir til að kynna sér þær.



**Friðbert Traustason** formaður SSF kvað sér hljóðs og vildi sérstaklega hvetja fólk til að kynna sér þær breytingar sem liggja fyrir í fjárhagsnefnd og fjalla um félagsgjöld. Félagsmenn greiða í dag 0,7% af mánaðarlaunum í félagsgjöld. Gjöldin hafa fram til þessa daga vel og rúmlega það fyrir rekstri félagsins. Félagið á einnig sterkar og stöðugar eignir sem reka sig vel og rekstur félagsins er frekar góður og í föstum skorðum. Stjórnin hefur velt því upp hvort ástæða sé til að lækka félagsgjöld en vill það síður þar sem slík lækkun getur haft slæmar afleiðingar í för með sér síðar. Stjórn SSF leggur því fram tillögu til fjárhagsnefndar að stofnaður verði nýr sjóður sem beri heitið Grunnsgjóður. Sjóðnum er ætlað að tryggja grunnrekstur félagsins og rekstur annarra sjóða sem mikil ásókn er í.

Þingforseti kynnti til leiks framkvæmdastjóra NFU Christina Colclough.

#### Erindi framkvæmdastjóra NFU

Christina Colclough framkvæmdastjóra NFU velti upp spurningunni hvert fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaðurinn í heiminum stefndi. Hún vildi óska þess að hún gæti komið upp í pontu og bara flutt góðar fréttar en það er ekki raunin. Á undanföllum árum hefur mikið verið þrengt að fjármálafyrirtækjum sem bitnað hefur á starfsmönnum þeirra í formi uppsagna og skerðingu kjara.

Evrópusambandið og ríki þess hafa lagt mikið kapp á það á undanförunum árum að setja lög og reglur á fjármálafyrirtæki til að koma í veg fyrir annað efnahagshrun. Með öllu regluverkinu hafa verið lagðar auknar álögur og gjöld á fjármálafyrirtæki í heiminum. Fyrirtækin bregðast við þessum auknu gjöldum með því að endurskipuleggja reksturinn og leita allra leiða til að lækka rekstargjöld sín. Allt er gert til að fyrirtækin líti vel út í augum matsfyrirtækja til að fá sem best láns-hæfismat. Slík vinna endar yfirleitt í því að fækka þarf starfsfólki til að skera niður launakostnað.



Christina nefndi að það væri hinsvegar ákveðin þversögn í því að fyrirtæki sem skila góðum hagnaði ár eftir ár þurfi að skera niður og fækka starfsmönnum til að skera niður launakostnað. Á sama tíma er verið að greiða háar bókusgreiðslur til ákveðinna starfsmanna og laun stjórnenda fara hækkandi. Það fer ekki saman að tala um að lækka launakostnað með uppsögnum og á sama tíma að hækka laun stjórnenda.



Christina sagði að það sama sé uppi á teningnum hér á Íslandi. Á undanförunum árum hafa verið lögð aukin gjöld á fjármálafyrirtæki og gjöldin taka mið af starfsmannafjölda fyrirtækjanna. Hún telur það vera ranga leið, það eigi þess í stað að leggja gjöldin á hagnað bankana sem fer hækkandi frá ári til árs. Það er hvetjandi fyrir fyrirtækin að fækka starfsmönnum þegar skattlagningu er háttáð með þessum hætti.



Christina benti á að SSF væri félag sem stæði vel og væri eitt öflugasta félagið innan NFU. Félagsmenn búi við góð kjör og hlunnindi og þátttaka í félaginu væri góð. Þetta væri dýrmætur auður sem félagið búi að.

Að lokum fjallaði Christina um verkefnið sem NFU stendur frammi fyrir. Félagið mun halda áfram að vernda norræna módelið og berjast gegn frekari álögum á fjármálafyrirtæki sem skili sér í fækkun starfsmanna.



Sigurjón Gunnarsson varaforseti þakkaði Christinu fyrir hennar innlegg og fór að því loknu yfir staðsetningu nefnda. Nefndarstörf stóðu til 16:00 og dagskrá átti að hefjast að nýju 16:30.

## Nefndarstörf Kynning nefndarálita

### Kjaranefnd

Andrés Erlingsson FSLÍ fór yfir tillögur Kjaranefndar og umræður um þær. Nefndin ræddi þær ályktanir sem lágu fyrir þingið og breyttu einstökum atriðum og bættu við önnur. M.a. voru eftirfarandi atriði rædd:

- Að leggja fram ályktun um að samið verði um hækkun á framlagi vinnuveitenda í lífeyrisgjöld úr 10% í 12%.
- Að í næstu kjarasamningum verði samið um vetrarfrí.
- Að í næstu kjarasamningum verði fastlaunasamningar ræddir og ákvæði sett í kjarasamninga um þá.
- Að hækka skuli bæði desemberuppbót og orlofsuppbót.
- Að SSF beiti sér fyrir því að hámarksþak fæðingarorlofsgreiðslna verði hækkað og taki ekki mið af hámarksgreiðslum ríkisins.
- Að samninganefnd beiti sér fyrir því að skerpa á ákvæði um lengd fæðingarorlofs og réttindum starfsmanna til að taka orlof á lengri tíma.



Nefndin ætlaði að halda áfram umræðu um ályktanirnar og kynna þær endanlega á síðari degi þingsins.



### Allsherjanefnd 1 - Jafnréttismál

Borga Harðardóttir FSLÍ fór yfir ályktanir Allsherjanefndar 1 sem fjallaði um jafnréttismál. Borga gerði athugasemd við kynjahlutfallið í hópnum þar sem hallaði verulega á karlana. Rætt var um að SSF myndi taka upp jafnlaunastaðal og nota viðmið staðlaráðs.

Oddný Árnadóttir VÍST kom upp og vildi ítreka að nefndin ræddi mikið um jafnlaunastaðalinn sem hefur verið gefinn út af staðlaráði og vill að SSF hvetji fyrirtæki til að nota hann.

### Allsherjanefnd 2 – Þjóðfélagsmál

Oddur Sigurðsson SÍ sagði frá ályktum Allsherjanefndar 2 og umræðum um þær. Hópurinn ræddi þjóðfélagsmál í viðum skilning og leggur m.a. til að þingið álykti um hækkun barnabóta og meiri stuðning við barnafjölskyldur.



### Allsherjanefnd 3 – Stefnumótun

Anna Karen Hauksdóttir SÍ sagði frá störfum Allsherjanefndar 3 sem fjallar um stefnumótun



félagsins. Nefndin byrjaði á því að ræða um kjaramál og vildi fá að vísa því til kjaranefndar að fjalla um hugsanlegt vetrarleyfi starfsmanna þar sem vandi virðist vera hjá barnafólki þegar skólar/leikskólar loka yfir veturinn. Það þurfi að skoða taktinn í þjóðfélaginu. Nefndin ræddi um fastlaunasamninga og að það þyrfti að gæta vel að því að semja ekki af sér og það þurfi að vera skýrt hvernig/hvenær yfirvinna væri greidd þar sem ekki má krefjast ótakmarkaðrar yfirvinnu af starfsfólki. Nefndin setti fram þá hugmynd að atvinnurekendur yrðu skyldaðir til að greiða 1% í Styrktarsjóð SSF, og sú aukning færi m.a. til greiðslu á íþróttastyrk til félagsmanna.

Nefndin fjallaði um hvernig SSF geti orðið mest spennandi stéttarfélag á markaðnum og hvernig félagið laði að sér nýja félagsmenn. Nefndarmenn voru sammála um að félagið þurfi að sýna meira frumkvæði í starfi og vera sýnilegri. Það sé m.a. hægt að gera með því að nýta betur samfélagsmiðla eins og Facebook. Byggja upp traust samband við félagsmenn og vera stolt af því að vera bankafólk.

Nefndin ræddi einnig um hvort að félagið ætti að fjárfesta í orlofshúsi þar sem sum minni starfsmannafélög hafi ekki aðgang að slíkum húsum og það myndi hugsanlega laða að nýja félagsmenn.

#### **Fræðslunefnd**

Guðný S. Magnúsdóttir FSLÍ sagði frá umræðum um ályktanir Fræðslunefndar. Nefndin ræddi mikið um útgáfu SSF blaðsins og stefnu félagsins í því.

Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir frá TRMR Arion banka spurði hvenær næsta trúnaðarmannanám-skeið væri á dagskrá.

Hilmar Gylfason SSF upplýsti um að það verði í apríl.

#### **Fjárhagsnefnd**

Anna Kristín Björnsdóttir TRMR Arion banka fór yfir störf Fjárhagsnefndar. Nefndin lagði til óbreytt félagsgjald og lagði fram breytingu þess efnis að greiðslum í vinnudeilusjóð yrði hætt og í stað þess muni 0,15% fara í nýjan sjóð sem lagt er til að verði stofnaður.

Nefndin lagði til óbreytt stjórnarlaun og að styrktarsjóðnum yrði heimilað að selja 25% hlut sinn í húsnæðinu í Nethyl til SSF. Það er gert vegna fjárhagsvandræða sjóðsins og til einföldunar á rekstri SSF og sjóðsins.

Helga Jónsdóttir FSLÍ benti á að í drögum að samþykktum Grunnsjóðs sem lágu fyrir var kveðið á um að lánakjör yrðu vaxtalaus. Nefndin lagði til að þessu yrði breytt og að stjórn sjóðsins ákveðdi vaxtakjör hverju sinni.

Oddur Sigurðsson SÍ lagði til að nafnið á sjóðnum yrði Sparisjóður í stað Grunnsjóður.

Ari Skúlason FSLÍ velti upp spurningunni hvort stofnun slíks sjóðs þurfi ekki frekari umfjöllum.

#### **Laganefnd**

Ingvar Breiðfjörð TRMR Arion banka sagði frá umræðum í Laganefnd um fyrirliggjandi breytingar á samþykktum SSF.

Borga Harðardóttir FSLÍ spurði hvort rætt hefði verið um hámarks tímallengd á setu stjórnarmanna í stjórn SSF.

Ingvar Breiðfjörð TRMR Arion banka sagði að það hefði ekki verið rætt en nefndin myndi taka umræðu um það í kjölfar fyrirspurnarinnar.

Sigurður Albert bað um orðið og greindi frá því að í fundagerð 44. þings, á bls. 26, hefði fallið niður nafn meðstjórnanda í stjórn SSF þ.e. nafn Guðnýjar S. Magnúsdóttur og baðst hann velvirðingar á þessum mistökum.

Þingforseti fór yfir hagnýt atriði varðandi framhald þingsins og kvöldverðar. Að því loknu var gert hlé á þingstörfum.

#### **Föstudagur 15. mars**

Helga Björg Bragadóttir þingforseti setti þingið klukkan 08:45 og lagði fram eftirfarandi vísnaðgátu:

*Oft er drykkur eftirmál  
Óreiganna súpuskál  
Gáfnafar hins fáráða  
Finnur himnu náttúra*

## Nefndarstörf

Þing kom saman að nýju klukkan 10:00 og hafði gestur þingsins Christina Colclough beið um orðið. Christina vildi þakka fyrir sig og minnti þingfulltrúa og stjórn SSF á að standa þurfi vörð um félagið og það þurfi alltaf að vera í góðu sambandi við félagsmenn.

Forseti þingsins ljóstraði upp lausnarorði vísnaátunnar og dregið var úr innsendum lausnum. Sigríður Ingibjörg Birgisdóttir FSLÍ hlaut aðalverðlaun. Aukaverðlaun hlutu Sigrún Ingibjörg Jónasdóttir TRMR Arion banka og Guðný S. Magnúsdóttir FSLÍ.



## Umræður og afgreiðsla nefndarálita

### Laganefnd

Ingvar Breiðfjörð kynnti tillögur Laganefndar.

Laganefnd ræddi hámarkssetu í stjórn SSF og fannst ekki tilefni til að takmarka setu við ákveðinn árafjölda. Kjaramál eru flókin og breytingar á þeim getur oft haft í för með sér afleiðingar sem eru ekki fyrirsjáanlegar, nefndin vill ekki láta ýta út reynslumiklu fólki sem enn hefur áhuga og getu á að starfa áfram í okkar þágu.

Kynjakvóti í stjórninni var mikið ræddur og var Laganefnd sammála um að við þurfum að koma því að í samþykktum félagsins að hafa framboð í réttum hlutföllum 60/40. Góð tillaga kom frá Helgu Jónsdóttir um að kjörstjórn fengi tækifæri ef það hallaði á annað kynið í framboðum til stjórnar, rétt til bæta við framboðum eftir að framboðsfresturinn er liðinn. Laganefndin vill að þetta verði útfært betur og formleg tillaga unnin fyrir næsta þing.

Eftir að Laganefnd lauk störfum kom ábending um hvaða áhrif breytingarnar hefðu fyrir minni félögin. Lagahópur hafði þegar rætt það mál og telur að litlu félögin þurfi ekki að hafa áhyggjur. Vilji var þó til þess að það verði skoðað nánar fyrir næsta þing og ef ástæða þykir til að vinna tillögur að breytingum.

Bryndís Pétursdóttir stjórnarmaður í SSF, Guðný S. Magnúsdóttir FSLÍ og Borga Harðardóttir FSLÍ komu allar upp og ræddu um jafnréttismál í samþykktum SSF.

Anna Karen Hauksdóttir SÍ fagnaði breytingunni og taldi hana af hinu góða. Sú breyting sem gerð var á síðasta þingi heppnaðist ekki sem skyldi og því rétt að breyta því aftur til baka. Hún lýsti yfir ánægju sinni með að forysta félagsins verði aftur kjörin á þingi.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. – 15. mars 2013 samþykkir eftirfarandi breytingar á samþykktum SSF:

### 26. grein breytist og hljóðar svo:

*Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF.*

*Félagsmaður getur einungis boðið sig fram til tveggja embættis. Stjórnina skipa 11 menn og skal kjósa formann, 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig, en síðan 8 meðstjórnendur af þeim félagsmönnum sem hafa boðið sig fram til stjórnarsetu.*

*Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd kosninga.*

*Stjórnin kys féhirði og ritara úr sínum hópi. Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kys stjórnin 2. varaformann úr sínum hópi. Sjá einnig í 20. grein.*

Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða gegn þremur atkvæðum á móti.

Afleiddar breytingar þurftu ekki að bera upp til samþykktar samkvæmt lögmanni SSF. Þingforseti fór yfir breytingarnar til upplýsinga fyrir þingfulltrúa.

Lögð var fram tillaga að breytingu á 15. grein. Sú tillaga barst ekki tveimur vikum fyrir þing eins og samþykktir félagsins kveða á um og var því ekki tekin fyrir á þessu þingi.

### Fræðslunefnd:

Guðný S. Magnúsdóttir FSLÍ kynnti ályktanir Fræðslunefndar.

Miklar umræður voru um útgáfumál SSF. Andrés Erlingsson FSLÍ sem séð hefur um útgáfumál fram til þessa lagði til að gerð yrði könnun meðal félagsmanna á því hvort þeir telji útgáfu fréttablaðs SSF á pappír nauðsynlega áður en slík útgáfa hefjist að nýju.

Borga Harðardóttir FSLÍ gerði athugasemd við að Dale Carnegie væri sérstaklega í ályktunum en ekki aðrir birgjar.

Nefndin tók athugasemdir og umræður til greina og lagði í kjölfarið fram eftirfarandi ályktanir:





### SSF blaðið

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að gefa út 2 blöð á ári í apríl og október. Blaðinu sé dreift til félagsmanna með aðstoð trúnaðarmanna. Með slíku fyrirkomulagi fái trúnaðarmenn snertiflöt við þá starfsmenn sem þeir starfa fyrir.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að rafrænt fréttabréf komi út á tveggja mánaða fresti þá mánuði sem SSF blaðið kemur ekki út.

- Rafrænt bréf komi út í september, nóvember, janúar, mars og maí. Í hverju fréttabréfi skal vera ákveðið áhersluefni eða þema.
- Blaðinu skal dreift rafrænt, á félagsmenn eða tengiliði þeirra s.s. formenn eða skrifstofur aðildarféлага.
- Tenging á skráningu á póstlista fyrir þá sem eru utan féлага á heimasíðu SSF.
- Félagsmenn geti sent inn ábendingar um tillögur að efni í blaðið.



45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að gera könnun á ánægju á breyttu fyrirkomulagi af útgáfu SSF blaðs og rafræns fréttabréfs vorid 2014.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að fréttir sem settar eru inn á netið hafi tengingu inn á Facebook þannig að félagsmaður sjái þegar ný frétt kemur inn.

Þessar tillögur voru samþykktar samhljóða.



### Trúnaðarmannafræðsla

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að trúnaðarmannafræðsla verði í samstarfi við Félagsmálaskólann og aðra aðila sem sérhæfi sig í framkomu og ræðumennsku með fyrirvara með samþykki fjárhagsnefndar.

- Námskeið sé sérsniðið að okkar þörfum og að SSF hafi áhrif á efnisval.
- Tryggt er að starfsmaður á skrifstofu sé á trúnaðarmannafundum og kynni málefni sem fjalla um SSF.

Ályktanirnar voru samþykktar samhljóma.



### Menntunarsjóður

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að framlag í sjóðinn verði hækkað frá fyrirtækjum.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að styrkur verði 50% af námsgjöldum og að hámarksstyrkur verði hækkaður í kr. 200.000 í menntunarsjóði SSF með fyrirvara um hækkun framlaga í menntunarsjóðinn.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að styrkur vegna tungumálanáms sem ekki er einingametið verði 50% af námsgjöldum og hámarksstyrkur verði kr. 50.000 með fyrirvara um hækkun framlaga í menntunarsjóðinn.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 lýsir yfir ánægju sinni með að nám til Vottunar fjármálaráðgjafa sé komið á laggirnar.

Ályktanirnar voru samþykktar samhljóma.



### Aðrar ályktanir

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að tekin verði upp rafræn skráning á námskeið trúnaðarmanna og að það sé aðgengilegt hvaða námskeið trúnaðarmenn hafi farið á og þá hvenær

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 fagnar því að ný heimasíða SSF sé komið loftið.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 fagnar því að SSF er komið á Facebook.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að skýrsla stjórnar verði unnin jafnt og þétt á kjörtímabilinu þannig að saga félagsins verði sögð í skýrslu stjórnar.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14.-15. mars 2013 samþykkir að beina því til stjórnar að tekin sé saman skýrsla ogleða sérblað SSF um aðkomu SSF í tengslum við hrunið.

Ályktanirnar voru samþykktar samhljóma.





## Kjaranefnd

Andrés Erlingsson FSLÍ kynnti ályktanir Kjaranefndar.

Borga Harðardóttir FSLÍ, Guðný S. Magnúsdóttir FSLÍ, Aldís Björgvinsdóttir TRMR Arion banka, komu með fyrirspurnir og ábendingar varðandi útfærslur á vetrarfríum.

Anna Karen Hauksdóttir SÍ vildi ítreka að starf samninganefndar sé erfitt og bað þingfulltrúa um að stilla væntingar sínar í hof.

Kjaranefnd lagði fram eftirfarandi ályktanir:

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að krefjast þess að framlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð verði hækkad úr 10% í 12% skv. núgildandi lögum. Þetta hafi ekki áhrif til breytinga á öðrum lífeyrisgreiðslum.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um 4 daga vetrarfrí sem verði fyrir utan lögbundins orlofstímabil. Þetta sé tekið af áunnum orlofsdögum. Um það gildi sömu reglur og gilda um orlofstöku utan orlofstíma.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að krefjast þess að ríkisstjórnin afnemi fjársýsluskatt á laun starfsmanna enda mismuni hann einni starfsstétt umfram aðrar.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um að öll unnin yfirvinna umfram fasta yfirvinnutíma innan fastlaunasamninga sé greidd.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um að öll unnin yfirvinna umfram fastlaunasamninga án fastra yfirvinnutíma sé greidd.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um hækkun orlofsuppbótar.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um hækkun desemberuppbótar.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um að ákveðið sé hámarksþak á fæðingarorlofsgreiðslur í samráði við vinnuveitendur.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um að fjármálafyrirtæki hafi lokað á gamlársdag.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um að vinnuvika sé styt (með matar- og kaffitíma) í 36 tíma í stað 40 tímar.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um nýja launatöflu sem endurspegli raunveruleg laun og að fastlaunasamningar rúmist sem kostur innan hennar.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um að starfsaldurþrepum verði fækkað, en prósentuhækkun komi fyrir á starfsævinni.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um launað leyfi í 4 mánuði til endurmenntunar eftir 10 ára starfsaldur í fjármála-fyrirtæki og á 5 ára fresti eftir það.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um að launahækkun verði útfærð á þann veg að um verði að ræða sambland fastrar prósentuhækkunar launa og fastrar krónutöluhækkunar.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um að hægt sé að lengja fæðingarorlof allt að 12 mánuðum og að fæðingarorlofs-greiðslum sé háttáð í samræmi við það.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 samþykkir að beina því til samninganefndar SSF að semja um herra framlag fjármálafyrirtækja til Styrktar- og Menntunarsjóðs.

Allar ályktanir voru samþykktar, ýmist samhljóða eða með meirihluta atkvæða.





### Fjárhagsnefnd

Helga Jónsdóttir FSLÍ kynnti ályktanir Fjárhagsnefndar.

Hilmar SSF taldi að ekki væri ástæða til að bera ákvörðun um sölu eigna undir formannafund, þingið hefði æðsta vald í málefnum félagsins og því nægði að samþykka það á þinginu.

Erla Stefánsdóttir frá TRMR Arion banka gerði athugasemd við að samþykktir Grunnsjóðsins ætti ekki að samþykka fyrr en á næsta formannafundi en greiðslur í sjóðinn ættu að hefjast í apríl.

Fjárhagsnefnd tók umræður til greina og lagði fram eftirfarandi tillögur:

### Tillaga 1 – Nýr sjóður

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. – 15. mars 2013 leggur til að stofnaður verði nýr sjóður: Grunnsjóður, tilgangur sjóðsins er að vera varasjóður fyrir starfsemi SSF og tengdra sjóða.

Meðfylgjandi voru drög að samþykktum Grunnsjóðs sem leggja skal fyrir formannafund til samþykktar:



## Grunnsjóður

### Samþykktir fyrir Grunnsjóð SSF



1. gr.

#### Nafn sjóðsins

1.1 Sjóðurinn heitir Grunnsjóður SSF og er eign SSF. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

#### Tilgangur

2.1 Tilgangur sjóðsins er að vera varasjóður fyrir starfsemi SSF og tengdra sjóða.

3. gr.

#### Stofnfé

3.1 SSF leggur til stofnfé sjóðsins kr. 1.000.000,-

4. gr.

#### Stjórn og rekstur

4.1 Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og skulu 3 þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF. Formaður SSF og gjaldkeri SSF eru sjálfkjörnir í stjórn sjóðsins. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum að öðru leyti. Gjaldkeri SSF kallar nýkjörna stjórn saman eigi síðar en mánuði eftir þing SSF.

4.2 Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.

4.3 Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF.

4.4 Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

4.5 Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF.

4.6 Skoðunarmenn SSF yfirfara reikninga hans. Reikningar sjóðsins verði lagðir framsamhliða reikningum SSF.

4.7 Stjórn sjóðsins geri þingi SSF grein fyrir störfum sínum.

5. gr.

#### Tekjur sjóðsins og ávöxtun eigna

5.1 Tekjur sjóðsins miðast við hlutfall af þeim félagsgjöldum er innheimtast til SSF. Sambandsþing ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni.

5.2 Stjórn sjóðsins skal kappkosta að varðveita raungildi sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað á þann hátt að a.m.k. 2/3 hlutar fjárisins séu ávallt lausir til ráðstöfunar, svo sem í banka eða sparisjóði, í skuldabréfum með ábyrgð þessara aðila, í skuldabréfum ríkissjóðs og bankabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

5.3 Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ávaxta féð á innstæðureikningum í bönkum og sparisjóðum sem og í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

5.4 Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ávöxtun sjóðsins og skulu þær skráðar í fundargerðarbók.

6. gr.

#### Ráðstöfun fjármuna sjóðsins

6.1 Lán. Þeir aðilar sem geta tekið lán hjá Grunnsjóði eru: SSF, Styrktarsjóður SSF, Menntunarsjóður SSF og Vinnudeilusjóður SSF. Berist beiðni um lántöku frá framangreindum aðilum ber stjórn sjóðsins að taka þá beiðni fyrir innan tveggja vikna. Lánskjör skulu ákvörðuð af stjórn sjóðsins. Hámarkslán miðast við handbært fé sjóðsins hverju sinni.

6.2 Eiginfjár framlag. Sé lán ekki að fullu endurgreitt innan þriggja ára frá veitingu þess getur lántaki farið fram á að eftirstöðvum þess sé breytt í eiginfjár framlag. Stjórn sjóðsins skal taka slíka beiðni fyrir á næsta stjórnarfundum.

7. gr.  
**Slit sjóðsins**

7.1 Verði Grunnsjóður SSF lagður niður renna allar eignir hans til SSF.

8. gr.  
**Breytingar á samþykktum**

8.1 Samþykktum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SSF.

9. gr.  
**Gildistaka**

10.1 Samþykktir þessar öðlast gildi 1. apríl 2013.



**Samþykkt á ....**

**Tillaga 2 - Félagsgjald**

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. – 15. mars 2013 samþykkir að 0,15% af félagsgjaldi til SSF renni til Grunnjóðs frá og með 1.apríl 2013.

(Skýr: Frá og með 1.apríl 2013 verður gert hlé á greiðslum í Vinnudeilusjóð).

**Tillaga 3 – Stjórnarlaun**

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. – 15. mars 2013 samþykkir að stjórnarlaun verði óbreytt.

Miða skal við launaflokk 203 – 7 sem er í dag 538.614

	Grunnur	Hlutfall %	Laun
<b>Formaður</b>	538.614	50%	269.307
<b>1. Varaformaður</b>	538.614	25%	134.654
<b>2. Varaformaður</b>	538.614	25%	134.654
<b>Gjaldkeri</b>	538.614	15%	80.792
<b>Ritari</b>	538.614	15%	80.792
<b>Meðstjórnendur 1-6</b>	538.614	10%	53.861
<b>Meðstjórnendur 1-6</b>	538.614	10%	53.861
<b>Meðstjórnendur 1-6</b>	538.614	10%	53.861
<b>Meðstjórnendur 1-6</b>	538.614	10%	53.861
<b>Meðstjórnendur 1-6</b>	538.614	10%	53.861
<b>Meðstjórnendur 1-6</b>	538.614	10%	53.861
<b>Alls á mánuði</b>		190%	888.713
<b>Alls á ári</b>	12 mánuðir		10.664.557
<b>Launatengd gjöld</b>		23%	2.452.848
<b>Alls</b>			<b>13.117.405</b>

**Tillaga 4 – Sala eignar**

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. – 15. mars 2013 samþykkir að heimila stjórn styrktarsjóðs SSF að selja SSF hlut sjóðsins í fasteigninni að Nethyl 2 E.

Allar tillögur voru samþykktar samhljóða.

**Allsherjanefnd 1- Jafnréttismál**

Borga Harðardóttir FSLÍ kynnti ályktanir Allsherjanefndar 1:

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. - 15. mars 2013 samþykkir að stjórn SSF beiti sér fyrir því að atvinnurekendur taki upp og uppfylli kröfur um jafnlaunastadal Staðlaráðs Íslands. Með slíkri vottun geta fyrirtæki metið stöðu kynjanna með viðurkenndri aðferðafræði og samræmdum viðmiðum. Staðallinn gefur atvinnurekendum jafnframt tækifæri til að leiðrétta kynbundinn launamun, þegar slíkur munur er til staðar.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. - 15. mars 2013 samþykkir að SSF vinni áfram launakannanir og vinnustaðakannanir. Í slíkri könnun skal einnig kanna hvort félagsmenn hafi orðið fyrir áreiti eða einelti á vinnustað.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. - 15. mars 2013 hvetur aðildarfélög SSF til að hafa starfandi



og virkar jafnréttisnefndir sem vinna að fjölskylduvænni vinnuþingningu. Ennfremur að SSF geri úttekt á starfssemi jafnréttisnefnda fyrirtækja.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. - 15. mars 2013 samþykkir að SSF vinni markvisst að því að hvetja fyrirtækin til að veita starfsmönnum aðgengi að trúnaðarsálfræðingi þar sem nafnleyndar er gætt í hvívetna.



45. þing SSF haldið á Selfossi 14. - 15. mars 2013 samþykkir að SSF tryggi að ávallt ríki jafnrétti þegar skipað er í stjórnir, nefndir og ráð á vegum samtakanna og hugað verði að kynjakvóta í stjórn.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. - 15. mars 2013 samþykkir að SSF hvetji atvinnurekendur til að tryggja jöfn laun óháð búsetu.

Ályktanirnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

### Allsherjanefnd 2 – Þjóðfélagsmál.

Oddur Sigurðsson SÍ kynnti ályktanir Allsherjanefnar 2.

Borga Harðardóttir FSLÍ gerði athugasemdir við orðalag og skilgreiningar. Guðný S. Magnúsdóttir FSLÍ og Erla Stefánsdóttir frá Arion banka óska eftir frekari skýringum á 5. tölulíð.

Sigríður Birgisdóttir FSLÍ og Oddur Sigurðsson SÍ gáfu nánari skýringar á ályktuninum. Nefndin lagði í kjölfarið fram eftirfarandi ályktanir:



45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 beinir því til stjórnvalda að regluverk um fjármálastarfssemi og peningastefnu Seðlabankans þurfi að vera í stíflendri endurskoðun meðal annars í ljósi þess að verðbólguþáttur nást ekki.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 beinir því til stjórnvalda að gera eftirlitsstofnunum kleift að sinna verkefni sínu og styrkja stöðir þeirra til að koma í veg fyrir endurtekið hrun. Einnig verður að styrkja samstarf milli íslenskra og erlendra eftirlitsstofnana.



45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 skorar á stjórnvöld að vinna af heilindum með stéttarfélagum, atvinnurekendum og öðrum frjálsum félagasamtökum að markvissum aðgerðum sem tryggja atvinnulífi og heimilum möguleika til velferðar.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 beinir því til stjórnvalda að mikilvægt sé að standa vörð um auðlindir Íslands og tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra. Auðlindirnar skulu vera eign þjóðarinnar og tryggt að arður af þeim skili sér til þjóðarinnar allrar.



45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 beinir því til stjórnvalda að nauðsynlegt sé að styrkja menntakerfið og gera það sveigjanlegra gagnvart þörfum atvinnulífsins, þ.e. að horfa til framtíðar og vera viðbúið breytingum á vinnumarkaði og kröfum um menntun.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 beinir því til stjórnvalda að tryggja þarf að langtímaatvinnuleysi verði ekki viðvarandi vandamál á Íslandi.

45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 beinir því til stjórnvalda og fjármálaþingar að auka tekjufæri til nýsköpunar og stjórnvöld noti skattkerfið til að styðja við uppbyggingu sprotafyrirtækja.



45. þing SSF haldið á Selfossi 14. og 15. mars 2013 beinir því til stjórnvalda að auka þurfi fjölbreytni atvinnulífsins og hraða sem mest gjaldþyriskapandi framkvæmdum.

Allar ályktanir samþykktar samhljóma.

### Allsherjanefnd 3 – Stefnumótun

Anna Karen Hauksdóttir SÍ kynnti ályktanir Allsherjanefnar 2.



### 45. þing SSF haldið á Selfossi 14. -15. mars 2013 ályktar eftirfarandi:

SSF verði ávallt bestur kostur fyrir félagsmenn og fyrirtæki á fjármálamarkaði.

Stefna samtakana verði í stöðugri endurskoðun með tilliti til aðstæðna og eigi sjaldnar en árlega á stjórnarfundum.

Starf SSF miði að því að tryggja félagsmönnum góða þjónustu og laða að nýja félagsmenn.

SSF sýni frumkvæði í starfi og eflí jákvæð samskipti í breyttu starfsunhverfi.

SSF standi undir væntingum félagsmanna með hagnunni þeirra í fyrirrúmi.

Eflí forystumenn aðildarféлага í starfi þeirra innan fyrirtækjanna.

Eflí forystumenn og trúnaðarmenn aðildarféлага í starfi þeirra innan fyrirtækjanna.

Eigi traust og uppbyggileg samskipti við forystumenn fyrirtækjanna.

SSF hafi forystu í starfs- og kjaramálum félagsmanna.

SSF hafi ávallt tiltækar skýrar upplýsingar og fagþekkingu á réttindum, skyldum og starfsumhverfi félagsmanna.

SSF styður við og styrkir félagsmenn til forvarna, menntunar, raunfærni og þekkingar.

SSF styrki enn frekar tengslin við aðildarfyrtæki kjarasamninga SSF.

SSF eigi gott samstarf við norræn systurfélög.

SSF vinni markvisst að bættri úmynd starfsgreinarinnar og eflri samheldni hennar.

SSF leitist við að gera samninga við ný fyrirtæki í skyldum greinum og afla þannig nýrra félaga.

Takmarka skal einstaklingsaðild að SSF eins og kostur er.

Að þróa og bæta launareiknivélina til að auðvelda félagsmönnum að bera saman laun í fjármálageiranum við aðrar starfsgreinar.

Að SSF leitist við að tryggja að í kjarasamningum fari 0,5% framlag atvinnurekanda sem staðið hefur stráum af íþróttastyrkjum innan starfsmannafélaganna beint til SSF og félagið sjái um að greiða styrkinn. Þannig verði greiðsla atvinnurekanda 1% í heildina eins og almennt tíðkast. Í stað 0,5% áður.

Að heimila SSF að fjárfesta í orlofsíbúð/húsi sem skrifstofa SSF hefði umsjón með og sæi um útleigu á til félagsmanna.

Gréta Kjartansdóttir SÍ var móttfallin því að félagið færi út í orlofshúsarekstur og óskaði eftir því að greidd yrðu atkvæði um hverja og eina ályktun fyrir sig.

Pá komu upp umræður um íþróttastyrk og hvort hann væri skattskyldur. Friðbert Traustason formaður SSF sagði frá því að fjármálafyrirtæki væru sjálf að greiða framlög til starfsmannafélaga sem síðan nýttist í að greiða íþróttastyrki. Styrkimir eru misjafnir eftir bönkum og einnig er misjafnt hvort starfsmenn þurfi að greiða skatt af þeim eða ekki. Með því að flytja útgreiðslu styrksins inn í SSF og hækka þannig framlag bankana í Styrktarsjóð myndi framlög í sjóðinn aukast töluvert og það myndi einnig tryggja samræmda íþróttastyrki.

Helga Jónsdóttir FSLÍ lagði til að ef ályktanirnar yrðu samþykktar að þá myndi félagið frekar leigja orlofshús til að byrja með í stað þess að ráðast strax í að kaupa hús.

Ályktanirnar voru því næst bornar undir fundinn til atkvæða. Allar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum nema síðasta ályktunin um fjárfestingu í orlofsíbúð sem var felld með meiri hluta atkvæða.

### Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald næstu þrjú árin

Anna Kristín gjaldkeri stjórnar SSF lagði fram fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til sambandsins næstu þrjú árin:

#### Fjárhagsáætlun SSF 2013 - 2016

Allar upphæðir í þús. króna

	Rauntölur		Áætlun 2012	Áætlun			
	2011	%		2013	2014	2015	2016
Árgjöld	136.786	9%	149.421	140.625	137.500	137.500	137.500
Vinnudeilusjóður	22.421	9%	24.513	6.250	0	0	0
Grunnsjóður				28.125	37.500	37.500	37.500
Leigutekjur	679	8%	734	755	1.037	1.068	1.100
Aðrar tekjur (HASLA)	0		2.075				
<b>Tekjur</b>	<b>159.886</b>		<b>176.743</b>	<b>175.755</b>	<b>176.037</b>	<b>176.068</b>	<b>176.100</b>
Laun og tengd gjöld	38.623	14%	43.977	44.000	44.880	45.778	46.694
Fræðslustarf	14.574	-16%	12.291	25.000	26.000	27.000	28.000
Útgáfu- og kynningarst.	372	-85%	54	10.000	10.000	10.000	10.000
Erlent samstarf	9.391	11%	10.445	11.490	12.639	13.903	15.293
Kannanir	1.812		0	5.000	3.000	5.000	3.000
Ping	0		0	10.000			13.000
Rekstur fasteigna	2.531	100%	5.052	5.000	2.600	2.700	2.800
Viðhald tölvubún. og vefsíðu	3.097	115%	6.653	6.000	3.500	4.500	3.500
Lögfræðikostn.				5.000	5.000	5.000	5.000
Endurskoðun	1.090	23%	1.337	1.500	1.800	2.100	2.500
Rekstur skrifstofu	2.205	13%	2.492	4.000	3.400	3.800	4.200
Annar rekstrarkostn.	5.565	0%	5.574	6.000	6.200	6.400	6.600
Kaupverð Nethylur 2				15.000			
Afleiðingar efnahagshruns	16.299	-55%	7.340				
Vinnudeilusjóður	22.421	9%	24.513	6.250	0	0	0
Grunnsjóður				28.125	37.500	37.500	37.500
Afskriftir	1.337	0%	1.337	1.500	1.500	1.500	1.500
<b>Gjöld</b>	<b>119.317</b>		<b>121.065</b>	<b>183.865</b>	<b>158.019</b>	<b>165.181</b>	<b>179.587</b>
Hagnaður/tap	40.569		55.678	-8.110	18.018	10.888	-3.487
Fjármagnstekjur	8.146		14.467	14.500	15.000	15.000	15.000
H/T með fjármunatekjum	48.715		70.145	6.391	33.018	25.888	11.513





Miðað við óbreytta innkomu og sama fyrirkomulag á styrkjum:

**Fjárhagsáætlun Styrktarsjóðs SSF 2013 - 2016**

Allar upphæðir í þús. króna

	Rauntölur	Áætl.	Áætlun			
	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Árgjöld	112.161	122.526	125.000	125.000	125.000	125.000
Sala eigna			15.000			
Leigutekjur	226	245	252	0	0	0
<b>Tekjur</b>	<b>112.387</b>	<b>122.771</b>	<b>140.252</b>	<b>125.000</b>	<b>125.000</b>	<b>125.000</b>
Styrkir	131.971	156.958	160.000	160.000	160.000	160.000
Hlutdeild í launakostn. SSF	5.000	4.586	4.500	4.590	4.682	4.776
Annar rekstrarkostnaður	1.926	2.092	2.000	2.200	2.250	2.300
Afskriftir	640	640	640	640	640	640
<b>Gjöld</b>	<b>139.537</b>	<b>164.276</b>	<b>167.140</b>	<b>167.430</b>	<b>167.572</b>	<b>167.716</b>
Hagnaður/tap	-27.150	-41.505	-26.888	-42.430	-42.572	-42.716
Fjármagnstekjur	3.838	3.464	1.500	0	0	0
H/T með fjármunatekjum	-23.312	-38.041	-25.388	-42.430	-42.572	-42.716
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>113.558</b>	<b>75.446</b>	<b>50.058</b>	<b>7.628</b>	<b>-34.944</b>	<b>-77.659</b>

Miðað við hækkun á innkomu um 0,1% og sama fyrirkomulag á styrkjum:

**Fjárhagsáætlun Styrktarsjóðs SSF 2013 - 2016**

Allar upphæðir í þús. króna

	Rauntölur	Áætl.	Áætlun			
	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Árgjöld	112.161	122.526	125.000	150.000	150.000	150.000
Sala eigna			15.000			
Leigutekjur	226	245	252	0	0	0
<b>Tekjur</b>	<b>112.387</b>	<b>122.771</b>	<b>140.252</b>	<b>150.000</b>	<b>150.000</b>	<b>150.000</b>
Styrkir	131.971	156.958	160.000	160.000	160.000	160.000
Hlutdeild í launakostn. SSF	5.000	4.586	4.500	4.590	4.682	4.776
Annar rekstrarkostnaður	1.926	2.092	2.000	2.200	2.250	2.300
Afskriftir	640	640	640	640	640	640
<b>Gjöld</b>	<b>139.537</b>	<b>164.276</b>	<b>167.140</b>	<b>167.430</b>	<b>167.572</b>	<b>167.716</b>
Hagnaður/tap	-27.150	-41.505	-26.888	-17.430	-17.572	-17.716
Fjármagnstekjur	3.838	3.464	1.500	1.500	500	0
H/T með fjármunatekjum	-23.312	-38.041	-25.388	-15.930	-17.072	-17.716
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>113.558</b>	<b>75.446</b>	<b>50.058</b>	<b>34.128</b>	<b>17.056</b>	<b>-659</b>

**Fjárhagsáætlun Menntunarsjóðs SSF 2013 - 2016**

Allar upphæðir í þús. króna

	Rauntölur	Áætl.	Áætlun			
	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Árgjöld	44.835	48.988	50.000	50.000	50.000	50.000
<b>Tekjur</b>	<b>44.835</b>	<b>48.988</b>	<b>50.000</b>	<b>50.000</b>	<b>50.000</b>	<b>50.000</b>
Menntunarstyrkir	43.914	47.230	50.000	50.000	50.000	50.000
Reikningskil	127	137	150	160	170	180
Annar rekstrarkostnaður	16	17	18	20	20	20
<b>Gjöld</b>	<b>44.057</b>	<b>47.384</b>	<b>50.168</b>	<b>50.180</b>	<b>50.190</b>	<b>50.200</b>
Hagnaður/tap	778	1.604	-168	-180	-190	-200
Fjármagnstekjur	37	62	60	62	62	62
H/T með fjármunatekjum	815	1.666	-108	-118	-128	-138

Eftirfarandi tillaga var lögð fram um félagsgjald til félagsins næstu þrjú ár:  
 45. þing SSF haldið á Selfossi 14. -15. mars 2013 samþykkir að félagsgjald til SSF verði óbreytt eða 0,7% og þar af rennur 0,15% til Grunnstöðs frá og með 1. apríl 2013.  
 (Skýring: frá og með 1. apríl 2013 verður gert hlé á greiðslum til Vinnudeilusjóðs).  
 Ályktunin var samþykkt samhljóða.

**Kjör stjórnar**

Aðeins einn var í framboði til formanns félagsins. Friðbert Traustason var því réttkjörinn formaður SSF.

Eftirfarandi höfðu verið tilnefndir fastafulltrúar skv. samþykktum félagsins:

- Ingvar Breiðfjörð Skúlason, Trúnaðarmannaráði Arion banka.
- Anna Karen Hauksdóttir, Starfsmannafélagi Íslandsbanka.
- Andrés Erlingsson, Félagi starfsmanna Landsbankans á Íslandi.
- Kristján Björn Snorrason, f.h. Starfsmannafélaga Sparisjóðs Siglufjarðar, Sparisjóðs Suður-Pingeyinga og Sparisjóðs Vestmannaeyja.
- Jóhann Arnarson, f.h. Starfsmannafélaga MP banka, Reiknistofu bankanna, Seðlabanka Íslands, Bygðastofnunar og Valitors.



Eftirfarandi voru í framboði til meðstjórnenda:

- Anna Kristín Björnsdóttir, Trúnaðarmannaráði Arion banka.
- Borga Harðardóttir, Félagi starfsmanna Landsbankans á Íslandi.
- Guðný S. Magnúsdóttir, Félagi starfsmanna Landsbankans á Íslandi.
- Gunnar Gunnarsson, Starfsmannafélagi Seðlabanka Íslands.
- Helga Jónsdóttir, Félagi starfsmanna Landsbankans á Íslandi.
- Oddur Sigurðsson, Starfsmannafélagi Íslandsbanka.



Réttkjörnir stjórnarmenn voru:

- Anna Kristín Björnsdóttir, Trúnaðarmannaráði Arion banki.
- Borga Harðardóttir, Félagi starfsmanna Landsbankans á Íslandi.
- Guðný S. Magnúsdóttir, Félagi starfsmanna Landsbankans á Íslandi.
- Gunnar Gunnarsson, Starfsmannafélagi Seðlabanka Íslands.
- Oddur Sigurðsson, Starfsmannafélagi Íslandsbanka.



#### Stjórn vinnudeilusjóðs

Bárður Helgason Starfsmannafélagi MP banka.  
Jón Kr. Sveinsson Starfsmannafélagi RB.  
Gjaldkeri SSF

*Til vara:*

Ari Skúlason FSLÍ.  
Erla Stefánsdóttir TRMR Arion banka.

#### Stjórn styrktarsjóðs

Friðbert Traustason SSF.  
Anna Karen Hauksdóttir SÍ.  
Gjaldkeri SSF

*Til vara:*

Guðlaug E. Bóasdóttir FSLÍ.  
Ingvar Breiðfjörð TRMR Arion banka.

#### Stjórn Menntunarsjóðs:

Sígurlaug Friðriksdóttir TRMR Arion banka.  
Sigurjón Gunnarsson FSLÍ.  
Einn tilnefndur af stjórn

*Til vara:*

Brynjar Már Brynjólfsson FSLÍ.  
Snjólaug Svala Grétarsdóttir SÍ.

#### Skoðunarmenn reikninga

Gréta Kjartansdóttir SÍ.  
Helga Jónsdóttir FSLÍ.

*Til vara:*

Helena Rúriksdóttir TRMR Arion banka.  
Rebekka Helga Sveinsdóttir SÍ.

#### Stjórn Grunnsjóðs

Dagmar Björnsdóttir VÍST.  
Helga Björg Bragadóttir SÍ.  
Marteinn Kristjánsson FSLÍ.  
Formaður SSF  
Gjaldkeri SSF

*Til vara:*

Hrafnhildur Ýr Kristjánsdóttir FSLÍ.  
Daníel Reynisson TRMR Arion banka.





## Önnur mál

Þingforseti bar upp umsókn frá Starfsmannafélagi Almenna Lífeyrissjóðsins um aðild að SSF. Félagið uppfyllir þau skilyrði sem SSF setur. Þingið samþykkti aðildarumsókn með lófataki og er því Starfsmannafélag Almenna Lífeyrissjóðsins héðan í frá fullgilt félag innan SSF.

## Þingslit

Friðbert Traustason formaður SSF bað um orðið. Friðbert vildi þakka það traust sem hann fékk í kosningu til formanns. Hann fór yfir liðin ár og sagði frá upphafsárum sínum í félaginu. Friðbert talaði um komandi kjarasamningsviðræður og sagði að óskalistinn væri langur eins og eðlilegt er. Samninganefndin myndi gera allt hvað hún getur til að ná sem bestum samningum en þarf engu að síður að gæta hófst í kröfugerðinni. Það má ekki gleyma að í slíkum samningum þarf líka að standa vörð um þau réttindi sem félagsmenn hafa í dag.

Friðbert þakkaði því næst starfsmönnum þingsins fyrir sín störf og þakkaði sérstaka Önnu Kjartansdóttir sem aðstoðaði starfsmenn skrifstofu við undirbúning fundarins. Þingforseti þakkaði fyrir sín störf og sleit þingi klukkan 14:56.





## Samþykktir SSF

### I. Nafn og hlutverk

1. gr. Nafn samtakanna er: SSF, samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. Heimili þess er í Reykjavík.

### 2. gr. Tilgangur SSF er:

- a) Að gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna.
- b) Að hafa forystu í starfs- og kjaramálum félagsmanna og vinna að því að bæta og samræma kjör þeirra í samvinnu við aðildarfélagin.
- c) Að fara með fyrirvar félagsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir fyrir þeirra hönd skv. lögum, reglugerðum og öðrum fyrir mælum.
- d) Að vinna að því að auka alhliða menntun, þekkingu og starfshæfni félagsmanna í kjara- og félagsmálum og starfstengdum efnum með blaðauðgáfu, fræðsluerindum, námskeiðum, eða á hvern þann hátt, sem heppilegur er talinn á hverjum tíma.
- e) Að hafa samstarf við önnur launþegasamtök og koma fram fyrir hönd félagsmanna á innlendum og erlendum vettvangi.
- f) Að hafa yfirumsjón með sjóðum SSF. Um sjóði þessa gilda nánari starfsreglur sem samþykktar skulu á þingi SSF.

## II. Aðild

### 3. gr.

Með fyrirtækjum er í samþykktum þessum átt við banka, sparisjóði, önnur fjármálafyrirtæki og þjónustustofnanir þessara aðila. Með félagsmönnum er í samþykktum þessum átt við alla sem rétt eiga til aðildar að SSF skv. 4. gr.

### 4. gr.

Rétt til aðildar að SSF hafa:

- a) Félög starfsmanna innan fyrirtækja. Ekki getur nema eitt félag við hvert fyrirtæki orðið aðili að SSF. Félagsaðild er bundin við 12 manna félög eða stærri. Verði félagar aðildarfélags færri en 10, breytist aðild í einstaklingsaðild. Aðild félaga starfsmanna nær til allra félagsmanna sem eru í viðkomandi félagi og eru einnig félagsmenn SSF á hverjum tíma, sbr. 5. gr.
- b) Einstaklingar sem starfa við fyrirtæki, þar sem ekki eru félög og einnig þeir einstaklingar sem kjósa að vera ekki í félögum starfsmanna sbr. a) lið.
- c) Starfsmenn skrifstofu SSF.

### 5. gr.

Aðalfélagar að SSF eru allir þeir sem 4. gr. nær til aðrir en þeir sem ráðnir eru til sumarafleysinga eða annarra afleysingastarfa, sem ætlað er að standi skemur en 4 mánuði. Þeir sem ekki eru aðalfélagar hafa ekki kosningarétt og kjörgengi skv. samþykktum þessum eða gildandi samkomulagi um kjarasamninga SSF.

### 6. gr.

Félög sem eru aðilar að SSF skulu starfa samkvæmt samþykktum sem ekki brjóta í bága við grundvallartriði í samþykktum SSF. Umsókn félags um aðild að SSF fylgi eftirtalin gögn:

- a) Eintak af samþykktum félagsins.
- b) Félagsmannatal þeirra, sem jafnframt eru félagsmenn SSF.
- c) Nöfn stjórnarmanna og varastjórnar, svo og aðrar þær upplýsingar, sem stjórn SSF óskar eftir. Stjórn SSF tekur ákvörðun um inntöku nýrra félaga, en leita skal staðfestingar næsta þings SSF. Vilji einstaklingur, sem starfar hjá fyrirtæki þar sem ekki er félag starfsmanna, ganga í SSF, skal hann senda skriflega umsókn þar um til SSF. Umsóknina skal leggja fyrir á næsta stjórnarfundum sem haldinn er eftir að umsókn berst skrifstofu SSF. Stjórn SSF skal ákvarða svo fljótt sem verða má hvort umsókn um einstaklingsaðild er samþykkt eða henni synjað.

### 7. gr.

Stjórnin getur vikið aðila (einstaklingi eða félagi) úr sambandinu, ef hann brýtur samþykktir þess. Til brottvikningar þarf samþykki 8 stjórnarmanna af 11. Ákvörðun um brottvikningu skal tilkynna viðkomandi í ábyrgðarbréfi þar sem tilgreina skal ástæðu fyrir henni og hvenær hún taki gildi. Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing SSF til fullnaðarákvörðunar. Til staðfestu brottvikningar þarf 3/5 greiddra atkvæða. Aðili, sem vikið hefur verið úr SSF, á enga kröfu á hendur því né neitt tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.

### 8. gr.

Aðila, sem vikið hefur verið úr SSF, má taka inn að nýju, enda sé fullnægt þeim skilyrðum, sem stjórn þess eða þing SSF telur nauðsyn að setja hverju sinni.

### 9. gr.

Úrsögn félags úr sambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt á lögmaetum aðalfundi félags og þess getið í fundarboði að tillaga um úrsögn úr sambandinu liggi fyrir. Gera skal stjórn SSF viðvart um tillöguna með minnst 4 vikna fyrirvara. Úrsögn tekur gildi að 4 mánuðum liðnum frá því að hún hlýtur samþykki og er viðkomandi félag gjaldskyld fyrir það tímabil. Félag sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna félagsins.

### III. Réttindi og skyldur aðildarfélaga.

10. gr.

Félagsmenn er láta af starfi um stundarsakir vegna náms er varðar starf þeirra, glata ekki aðildarrétti sínum meðan á námi stendur.

11. gr.

SSF skal halda skrá yfir alla félagsmenn sína. Á sama hátt haldi sambandið skrá yfir stjórnir aðildar-félaganna, fulltrúaráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum.

12. gr.

Aðildarfélög skulu að loknum aðalfundi sínum senda skrifstofu sambandsins:

- a) Skýrslu stjórnar.
- b) Ályktanir og samþykktir um kjaramál og önnur stéttar-málefni.

13. gr.

Stjórnarmenn SSF og framkvæmdastjóri eiga rétt til að sækja almenna félagsfundi aðildarfélaga, þegar sérstaklega er fjallað um málefni SSF skv. auglýstri dagskrá og hafa þeir málfrelsi til jafns við aðra fundarmenn. Stjórn SSF er skylt að senda fulltrúa á fundi aðildarfélaga eða félagsstjórna ef þess er óskað.

14. gr.

Ef stjórn SSF, þing eða formannafundur telja nauðsyn bera til að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu er skylt að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram. Kjörskrá við allsherjaratkvæðagreiðslu skal vera skrá yfir þá félagsmenn sem aðild eiga að SSF.

### IV. Fulltrúakjör

15. gr.

Aðildarfélögin hafa rétt og skyldu til að kjósa fulltrúa úr hópi félagsmanna SSF til setu á þingum SSF. Fulltrúar á þingi SSF skulu vera 65. Skulu þeir kosnir fyrir reglulegt þing, til þriggja ára, eigi síðar en í febrúarmánuði þingárs. Félögin kjósi varafulltrúa. Stjórn SSF ákveður skiptingu fulltrúa milli aðildarfélaga, þó þannig að fyrst fær hvert aðildarfélag einn fulltrúa og síðan fá aðildarfélögin fulltrúa í hlutfalli við uppgefna félagatölu SSF-félaga 1. nóvember árið fyrir þingár, að frádreginni félagatölu fyrir 1 þingfulltrúa. (Heildarfélaga-tala aðildarfélaga SSF deilt með fjölda þingsæta). Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhenda skrifstofu SSF fyrir 30. mars þingár.

### V. Þing SSF

16. gr.

Þing SSF fer með æðsta vald í öllum málum og telst fullgilt sé til þess boðað í samræmi við samþykktir SSF. Stjórn, varastjórn og starfsmenn SSF eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hafa ekki nema kjörnir fulltrúar. Að auki er stjórn SSF heimilt að bjóða gestum að sitja þingið sem áheyrnarfulltrúar.

17. gr.

Reglulegt þing skal halda þriðja hvert ár. Stjórn SSF skal kalla saman aukaðing þegar henni þykir nauðsyn eða ef meirihluti félagsmanna í SSF krefjast þess skriflega.

18. gr.

Þing SSF skal boða með tveggja mánaða fyrirvara. Aukadning má boða með skemmst 5 daga fyrirvara.

19. gr.

Skýrslu stjórnar SSF, endurskoðaða reikninga, sjálfstæðar tillögur eða mál, sem stjórnin eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing svo og dagskrá, skal senda þingfulltrúunum eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar þannig fyrir á þinginu, að unnt sé að fjalla um þær í þeirri þingnefnd, sem málið tilheyrir.

20. gr.

- a) Stjórn SSF skal mánuði fyrir þingbyrjun skipa þrjú félagsmenn í kjörbréfanefnd til að rannsaka kjörbréf og skal hún skila álitum á fyrsta þingfundi.
- b) Stjórn SSF skal skipa 5 manna kjörnefnd eigi síður en 3 mánuðum fyrir þingsetningu. Kjörnefnd skal skipuð 5 fullgildum félagsmönnum. Ákveði félagsmaður sem skipaður hefur verið í kjörnefnd að bjóða sig fram til stjórnarsetu skal skipa annan í hans stað. Kjörnefnd skal í samvinnu við starfsmenn skrifstofu SSF auglýsa eftir framboðum til stjórnar, kynna frambjóðendur og kalla eftir upplýsingum um þá sem tilnefndir eru sem fastafulltrúar í stjórn félagsins. Framboð til stjórnar skal berast kjörnefnd eigi síðar en 1 mánuði fyrir þingsetningu.

## 21. gr.

Dagskrá reglulegs þings skal vera m.a.:

1. Þingsetning.
2. Nafnakall fulltrúa.
3. Kjörbréf lögð fram til samþykktar.
4. Kosning starfsmanna þingsins.
  - a) Forseta og varaforseta.
  - b) Tveggja þingritara og tveggja til vara.

Kosning og kynning fastanefnda þingsins.

1. Kjörnefnd (5) skipuð af stjórn SSF þremur mánuðum fyrir þingsetningu
2. Laganefnd, ef tillögur um breytingar á samþykktum liggja fyrir (5)
3. Fjárhagsnefnd – ótiltekið
4. Allsherjarnefnd – ótiltekið
5. Kjaranefnd – ótiltekið
6. Fræðslunefnd – ótiltekið
5. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar.(sjá gr. 24)
6. Tillögur um breytingar á samþykktum kynntar.
7. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og vísað til nefnda.
8. Umræður og afgreiðsla nefndarálita.
9. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til SSF næstu þrjú árin.
10. Kjör stjórnar, tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara auk annarra trúnaðarmanna.
11. Önnur mál.

## 22. gr.

Þingfundum skal stjórnað samkvæmt almennum þingsköpum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

## VI. Fjármál

### 23. gr.

Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af skoðunarmönnum SSF. Reikningar SSF og sjóða skulu lagðir fyrir reglulegan formannafund árlega til fullnaðar afgreiðslu.

### 24. gr.

Hver félagsmaður SSF greiði mánaðarlega félagsgjald til SSF. Þing SSF ákveður upphæð þessa gjalds að fengnum tillögum fjárhagsnefndar.

### 25. gr.

Kostnaður við þinghald og formannafundi greiðist af SSF, þar með talin fargjöld fulltrúa búsettra utan Reykjavíkur og nágrennis.

## VII. Stjórn SSF

### 26. gr.

Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF.

Félagsmaður getur einungis boðið sig fram til tveggja embættanna. Stjórnina skipa 11 menn og skal kjósa formann, 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig, en síðan 8 meðstjórnendur af þeim félagsmönnum sem hafa boðið sig fram til stjórnarsetu.

Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd kosninga.

Stjórnin kys fêhirði og ritara úr sínum hópi. Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kys stjórnin 2. varaformann úr sínum hópi. Sjá einnig í 20. grein.

### 27. gr.

Stjórn SSF stjórnar málefnum þess milli þinga. Stjórnin annast rekstur SSF og hagar störfum sínum í samræmi við samþykktir þess.

### 28. gr.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að sinna ákveðnum verkefnum og skal þá að jafnaði einn stjórnarmanna vera í hverri nefnd. Einnig er stjórninni heimilt að skipa einstaka félagsmenn til að annast afmörkuð verkefni fyrir hennar hönd.

### 29. gr.

Formaður kallar saman stjórnarfundir. Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum og undirritar þær með formanni. Fêhirðir sér um fjárreiður SSF og varðveislu sjóða. Hann hefur umsjón með gerð ársreikninga og skilum á þeim til endurskoðunar.

30. gr.

Stjórnarfundur skal kalla saman svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði vetrarmánuðina. Ennfremur ef tveir stjórnarmenn æskja þess og þá innan viku frá því að sú ósk berst formanni. Dagskrár sé getið með fundarboðum.

31. gr.

SSF er aðili að norrænum Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja NFU og einnig alþjóðlegum samtökum starfsmanna við þjónustustörf UNI, og tekur þátt í störfum þeirra.

### **VIII. Ákvæði vegna laga um kjarasamninga**

32. gr.

Eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok gildistíma kjara-samnings skal stjórn SSF skipa a.m.k. sjö menn í samninganefnd SSF. Formaður og varaformenn SSF skulu vera sjálfkjörnir í samninganefnd. Þegar fjallað er um þýðingarmiklar ákvarðanir skal hafa náð samstarf við ein-stök aðildarfélög og boðar stjórn SSF formenn félaganna til fundu í því skyni.

33. gr.

Stjórn SSF og samninganefnd er heimilt að skipa undir-nefndir til þess að starfa að einstökum verkefnum við undirbúning samninga og samningagerð.

34. gr.

Sameiginlegur fundur aðal- og varastjórnar SSF og samninganefndar ásamt formönnum aðildarfélaga, tekur ákvörðun um uppsögn eða endurskoðun kjarasamninga. Um boðun verkfalls skal fara fram atkvæðagreiðsla samkvæmt lögum nr. 80/1938. Um framkvæmd slíkrar atkvæða-greiðslu skal fara eftir sömu reglum og gilda um atkvæða-greiðslu um kjarasamning.

35. gr.

Takist samkomulag um kjarasamning skal samninganefnd SSF undirrita það með fyrirvara um endanlegt samþykki að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslu er bindandi fyrir stjórn SSF. Allir aðalfélagar SSF, sem eiga í kjaradeilu, hafa atkvæðisrétt. Allsherjaratkvæðagreiðslu skal lokið innan þriggja vikna frá undirritun kjarasamnings. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg. Við breytingu á kjarasamningi á samningstímanum er ekki skylt að hafa allsherjaratkvæðagreiðslu.

36. gr.

Þriggja manna yfirkjörstjórn, er stjórn SSF skipar, skal hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna SSF. Yfirkjörstjórn staðfestir kjörskrá, sem gerð er eftir félagaskrá SSF. Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörskrárdeilur. Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið, skulu atkvæði og kjörgögn send til yfirkjörstjórnar og fer talning fram undir stjórn hennar. Yfirkjörstjórn úrskurðar um öll vafaatriði sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Úrskurður yfirkjörstjórnar er endanlegur.

### **IX. Formannafundir**

37. gr.

Þegar stjórn SSF telur þess þörf og eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, skal kalla saman fund formanna allra aðildarfélaganna, eða varamanna þeirra. Auk formanna á stjórn SSF, ásamt samninganefnd, seti á þessum fundum.

38. gr.

Formannafundir hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SSF, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SSF.

39. gr.

Formaður SSF boðar til formannafunda. Einnig ef þrír formenn aðildarfélaga æskja þess og skal þá boða til fundar innan viku frá því að sú ósk berst formanni SSF. Stjórn SSF er heimilt að setja nánari reglur um störf á formannafundum.

### **X. Heiðursmerki**

40. gr.

Heiðursmerki SSF er merki SSF úr gulli. Heiðursmerki má veita þeim aðilum, íslenskum eða erlendum sem unnið hafa gott starf í þágu félagsmanna SSF. Stjórn SSF ákveður veitingu heiðursmerkja og skal ákvörðunin um það vera einróma samþykkt af stjórninni. Skrifstofa SSF skal færa sérstaka "gullbók" þar sem skráð eru nöfn og helstu æviatriði þeirra, er gullmerkið hljóta.

### **XI. Breytingar á samþykktum**

41. gr.

Samþykktum SSF er aðeins hægt að breyta á þingi SSF og öðlast tillögur til breytinga því aðeins gildi að þær séu samþykktar með minnst 2/3 greiddra atkvæða. Tillögum til breytinga á samþykktum skal skilað til stjórnar SSF í síðasta lagi tveim vikum áður en þing er sett og skulu þær liggja frammi á skrifstofu SSF.

#### 42. gr.

SSF verður því aðeins slitið, að þing SSF og aukabing, sem haldið sé innan tveggja mánaða frá lokum þings SSF samþykki slitin með 2/3 greiddra atkvæða. Til aukabingsins fari fram nýtt fulltrúakjör í aðildarfélagunum. Um eignir SSF við slit þess fer eftir því sem meirihluti tveggja þinga SSF ákveður.

#### 43. gr.

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir SÍB.

Samþykkt á aukabingi SÍB 19. apríl 1978.

Samþykktum breytt á 35. þingi SÍB 1985,

á 36. þingi 10. apríl 1987,

á 37. þingi 12. apríl 1991,

á 38. þingi 26. apríl 1993,

á 39. þingi 24. mars 1995,

á 40. þingi 21. mars 1998,

á 43. þingi 18. apríl 2007.

Samþykktum breytt á 44. þingi SSF 19. mars 2010,

á 45. þingi SSF 15. mars 2013.

## Samþykktir Styrktarsjóðs SSF

#### 1. gr.

##### Nafn sjóðsins

1.1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður SSF

1.2. Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli bókunar með kjarasamningi bankamanna sem undirritaður var 3. apríl 1997.

1.3. Sjóðurinn er eign Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

##### Verkefni sjóðsins

2.1. Verkefni Styrktarsjóðs SSF eru eftirfarandi:

2.1.1. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti verði þeir óvinnufærir vegna veikinda eða slysa, enda hafi launatekjur þeirra fallið niður.

2.1.2. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti vegna langvarandi veikinda maka og barna, enda hafi sjóðfélagi misst launatekjur vegna þeirra.

2.1.3. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna áfengismeðferðar, enda hafi launatekjur fallið niður.

2.1.4. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna sjúkrahjálfunar, sjúkranudds og meðferðar hjá kíröpraktorum (hnykkjum) sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða eða nýtur opinbers stuðnings með öðrum hætti.

2.1.5. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna krabbameinsskoðunar og hjartaskoðunar.

2.1.6. Að greiða félagsmönnum SSF, sem þurfa á sérstökum hjálpartækjum að halda vegna sjúkdóms eða fötlunar til að geta sinnt starfi sínu, styrk til kaupa á slíkum tækjum.

2.1.7. Að greiða mökum eða börnum félagsmanna SSF útfararstyrki vegna fráfalls félagsmanns.

2.1.8. Að greiða læknisvottorð sem nauðsynleg eru vegna umsókna úr Styrktarsjóði SSF.

2.2. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrnist á sex mánuðum.

2.3. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um greiðslur úr sjóðnum. Í þeim skal m.a. kveðið á um hversu lengi greiðslur vari, hvort greiðslur hefjist að tilteknum tíma liðnum frá því að launagreiðslur féllu niður, hversu háar greiðslur séu í hverju einstöku tilviki og hvernig umsóknum um greiðslur úr sjóðnum skuli háttáð. Greiðslur skv. lið 2.1.8. skulu þó nema að fullu þeim kostnaði sem þar um ræðir.

2.4. Reglur um greiðslur úr sjóðnum skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins. Hafi fjárhagsstaða sjóðsins rýrnað verulega að mati stjórnar hans skulu réttindi til greiðslu úr sjóðnum skert, en aukin hafi fjárhagsstaðan batnað verulega.

2.5. Sjóðnum er heimilt að kaupa váttryggingu er komi að einhverju eða öllu leyti í stað greisluskyldu sjóðsins skv. 1. mgr.

#### 3. gr.

##### Réttur til styrkja

3.1. Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga:

3.1.1. Fullgildir félagsmenn SSF skv. lögum samtakanna.

3.1.2. Atvinnulausir félagsmenn SSF skv. nánari ákvörðun stjórnar SSF.

3.2. Þeir, sem greitt hefur verið fyrir í Styrktarsjóð SSF í a.m.k. sex mánuði, eiga rétt á greiðslu í hlutfalli við vinnuframlag viðkomandi. Styttu má þennan tíma hafi umsækjandi áður verið fullgildur félagi í SSF.

3.3. Styrkveitingar geta hafist frá þeim tíma er sammingsbundnum launagreiðslum lýkur. Nánar skal kveðið á um þetta í starfsreglum sjóðsins.

3.4. Umsóknum um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum

vottorðum er tryggja réttmæti greiðslna.

- 3.5. Ef farsóttir geisa getur sjóðstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

4. gr.

#### **Stjórn og rekstur**

- 4.1. Fulltrúar SSF í stjórn sjóðsins skulu vera þrír og skulu tveir þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF. Einnig skal kjósa varamann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera í stjórn sjóðsins og gjaldkeri hans. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum að öðru leyti. Gjaldkeri SSF kallar nýkjörna stjórn saman eigi síðar en mánuði eftir þing SSF.
- 4.2. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.
- 4.3. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF.
- 4.4. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- 4.5. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF.

5. gr.

#### **Tekjur og ávöxtun eigna**

- 5.1. Tekjur sjóðsins eru:
- a) Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi bankamanna á hverjum tíma.
- b) Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.
- 5.2. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðurinn má eiga 25% hlut í húsnæði SSF á móti SSF. Sjóðnum er heimilt að verja allt að 15 milljónum króna til fbúðarkaupa í Reykjavík. Íbúðin verði til afnota fyrir félagsmenn sem leita þurfa lækninga á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðnum er óheimilt að kaupa frekari fasteignir eða veita lán.
- 5.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

#### **Ársreikningur og endurskoðun**

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SSF og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SSF og jafnframt sendur samninganefnd bankanna.

7. gr.

#### **Slit sjóðsins**

- 7.1. Nú er SSF lagt niður án þess að annað sameiginlegt félag starfsmanna fjármálafyrirtækja komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr.
- 7.2. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

#### **Breytingar á reglugerðinni**

- 8.1. Breytingar á reglugerð þessari öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á þingi SSF. Um atkvæðagreiðslu um breytingar á reglugerðinni á þingi SSF gilda sömu reglur og um lagabreytingar.

9. gr.

#### **Nánari starfsreglur**

- 9.1. Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. reglugerð þessari, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formannafundi.

10. gr.

#### **Gildistaka**

10.1 Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest af samninganefnd bankanna í Reykjavík 11. júní 1999. Endurskoðað á 44. þingi SSF í mars 2010. Yfirlýsing frá SSF um Styrktarsjóð SSF Á fyrsta starfsári Styrktarsjóðs SSF verður 10% af tekjum hans varið í styrki skv. grein 2.1.9 í reglugerð sjóðsins. Þetta hlutfall verður síðan endurskoðað árlega og breytt í samræmi við stöðu hans.

# Samþykktir Menntunarsjóðs SSF

1. gr.

## Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður SSF. Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt ákvörðun þings SSF 2001. Sjóðurinn er í vörslu Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

## Verkefni sjóðsins

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum með því m.a. að endurgreiða námskostnað að hluta eða í heild. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við nám/námskeið sem nýtist í starfi og/eða til félagsstarfa að mati stjórnar.

3. gr.

## Réttur til styrkja

Rétt til að sækja um styrki til sjóðsins eiga: Fullgildir félagsmenn SSF skv. samþykktum SSF. Atvinnulausir félagsmenn SSF sem hafa verið samfelld félagsmenn í 3 ár geta sótt um styrki vegna náms sem þeir stunda í allt að 2 ár eftir starfslok enda hafi þeir ekki verið í launuðu starfi á tímabilinu. Umsóknum um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum gögnum er tryggja réttmæti greiðslna. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrnist á 12 mánuðum eftir námslok.

4. gr.

## Stjórn og rekstur

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og eru tveir kosnir á þingi SSF og einn skipaður af stjórn SSF. Jafnframt skal þing SSF kjósa tvo varamenn. Kjörtímabilið er sama og til stjórnar SSF. Stjórnin skal rita gerðarbók og rita allar samþykktir sínar í hana. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF. Ekki er greidd þóknun fyrir stjórnarsetu í stjórn sjóðsins.

5. gr.

## Tekjur og ávöxtun eigna

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi félagsmanna á hverjum tíma.
- Vaxtatekjur og önnur framlög og styrkir. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum, skráðum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðnum er óheimilt að kaupa fasteignir og taka eða veita lán. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

## Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SSF og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SSF.

7. gr.

## Slit sjóðsins

Nú er SSF lagt niður án þess að önnur hliðstæð samtök komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

## Breytingar á starfsreglum

Starfsreglum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SSF.

9. gr.

## Nánari starfsreglur

Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. samþykktum þessum, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formanna-fundi.

10. gr.

## Gildistaka

Starfsreglur þessar öðlast þegar gildi. Samþykkt svo á 43.þingi SSF 2007. Endurskoðað á 44. þingi SSF 19. mars 2010.

## Samþykktir fyrir Vinnudeilusjóð SSF

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður SSF og er eign þess. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur sem boðaðar hafa verið skv.36. gr. samþykktá SSF.
- b) að styrkja norræna bankamenn í vinnudeilu samkvæmt samningi SSF við norrænsystursamtök þar um.
- c) að styðja önnur íslensk stéttarfélög í vinnudeilu.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn og skulu 2 þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF: Formaður og ritari, sem jafnframt gegnir stöðu varaformanns. Einnig skal kjósaformann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins. Gjaldkeri SSF kallar stjórnina saman eigi síðar en mánuði eftir sambandsþing.23 43. þing SÍB 2007

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga og geri þingi SSF grein fyrir störfum sínum, sbr. þó 29. gr. samþykktá SSF, en skv. henni ferstjórn sambandsins með æðsta vald í málefnum þess milli þinga. Sjóðurinn skal verasjálfstæður og ávaxtaður sérstaklega og hafa sjálfstætt bókhald.Skoðunarmenn SSF yfirfara reikninga hans. Reikningar sjóðsins verði lagðir framsamhliða reikningum SSF.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru núverandi eigur Kjaradeilusjóðs SSF. Stjórn sjóðsins skal kappkosta að varðveita raungildi sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað áþann hátt að a.m.k. 2/3 hlutar fjárins séu ávallt lausir til ráðstöfunar, svo sem í banka eðasparisjóði, í skuldabréfum með ábyrgð þessara aðila, í skuldabréfum ríkissjóðs ogbankabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ávaxta féð á innistæðureikningum í bönkum og sparisjóðum sem og í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ávöxtun sjóðsins og skulu þær skráðar í fundargerðarbók. Sambandsþing ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni.

Tekjur sjóðsins miðist viðhlutfall af þeim félagsgjöldum er innheimtast til SSF.

6. gr.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt grein 2 a á hver félagsmaður SSF sem greiðirfélagsgjald og verður fyrir tekjumissi vegna vinnudeilu er SSF er aðili að. Stjórn sjóðsins skal setja nákvæmar reglur um úthlutun til félagsmanna og skulu þærskráðar í fundargerðarbók. Úthlutunarreglur skal ætíð endurskoða inna viku frá því aðverkfall er boðað.Halda skal sérstaka gerðabók yfir úthlutunarbeiðnir og -veitingar úr sjóðnum.

7. gr.

Verði vinnudeilusjóður SSF lagður niður ráðstafar þing SSF eignum hans.

8. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömureglur og um breytingar á samþykktum SSF.

Samþykkt á 36. þingi SÍB 1989.

Endurskoðað á 43. þingi SÍB í apríl 2007

og á 44. þingi SSF 18-19 mars 2010.











# Áherslur í starfi SSF

- Kjarasamningur tryggir samkeppnishæf kjör og betri lífeyrisréttindi
- Launa- og kjarakannanir auðvelda félagsmönnum að meta eigin stöðu
- Ráðgjöf í álitamálum um laun, kjör og lífeyrisréttindi
- Jafnréttismál og fjölskylduvænn vinnutími auka lífsgæði félagsmanna
- Menntunarsjóður styður félagsmenn til símenntunar sem eykur verðmæti þeirra á vinnumarkaði
- Styrktarsjóður til forvarna og stuðnings í veikindum
- Gott samstarf við fyrirtækin, aðildarfélög og trúnaðarmenn